



SÖNGPARTÝ

SIBBA

Sigurbjörn D. Dagbjartsson.
2022

Efnisyfirlit

2.	Fatlafól	4	44.	Horfðu til himins.....	177
3.	Mr. Dylan	4	45.	Hjálpaðu mér upp.....	17
4.	Sumarið er tíminn	4	46.	Allt	17
5.	Afgan.....	5	47.	Landslag skýjanna.....	17
6.	Rómeó og Júlía	5	48.	Iður (texti á bls. 42).....	188
7.	Syneta.....	6	49.	Í bláum skugga.....	188
8.	Við Gróttu	6	50.	Tætum og tryllum	18
9.	Kyrrlátt kvöld	6	51.	Manst' ekk' eftir mér?.....	18
10.	Eyjan mín (texti á bls 42).....	7	52.	Úti á stoppustöð	18
11.	Aldrei fór ég suður	7	53.	Ástardúett	199
12.	Kaupmaðurinn á horninu.....	8	54.	Strax í dag.....	19
13.	Ragnheiður biskupsdóttir	8	55.	Bíólagið (Svarti Pétur)	19
14.	Spáðu í mig.....	8	56.	Blindfullur	20
15.	Vegbúi.....	8	57.	Slá í gegn.....	20
16.	Þjóðvegur 66.....	9	58.	Úti í eyjum.....	20
17.	Besti vinur	9	59.	Ofboðslega frægur	211
18.	When I think of angel	9	60.	Skýin	21
19.	Óbyggðirnar kalla	10	61.	Sirkus geira smart	21
20.	Ómissandi fólk.....	10	62.	Þórsmerkurljóð	222
21.	Einhversstaðar einhvern tíma aftur	10	63.	Vor við sæinn (Bjartar vonir vakna).....	222
22.	Gamli góði vinur.....	10	64.	Fyrr var oft í koti kátt.....	22
23.	Ó, þú.....	11	65.	Ó, María	22
24.	Reyndu aftur	11	66.	Komdu og skoðaðu	233
25.	Braggablús.....	11	67.	Ljúfa Anna.....	23
26.	Róninn.....	11	68.	Anna í hlíð.....	23
27.	Sölvi Helgason.....	11	69.	Kötukvæði	23
28.	Ég er á leiðinni.....	12	70.	Þjóðsöngur Íslands	233
29.	Af litlum neista	12	71.	Ísland er land þitt	244
30.	Ef ég væri Guð.....	13	72.	Einu sinni á ágústkvöldi	244
31.	Ég stend á skýi.....	13	73.	Maístjarnan	24
32.	Geta þabbar ekki grátið.....	13	74.	Litla flugan	24
33.	Svo marga daga	13	75.	Kátir voru karlar	24
34.	Kartöflur	144	76.	Að lífið sé skjálfandi lítið gras	24
35.	Húsið og ég.....	14	77.	Fram í heiðanna ró	255
36.	Dísa	14	78.	Játning	25
37.	Hjá þér.....	14	79.	Komdu inn í kofann minn	25
38.	Sódóma.....	155	80.	Kveikjum eld	266
39.	Eltu mig uppi	15	81.	Lóan er komin.....	266
40.	Þú fullkomnar mig	15	82.	Tóta gefur góða kossa	26
41.	Okkar nótt.....	166	83.	Ó, Jósep, Jósep.....	26
42.	Allt er á tjá og tundri.....	16	84.	Blátt lítið blóm eitt er	26
43.	Fram á nótt	16	85.	Ég sá hana fyrst.....	26
			86.	Nú liggur vel á mér	26
			87.	Vor í Vaglaskógi.....	277
			88.	Ég er kominn heim.....	277

© Sigurbjörn Daði Dagbjartsson	<i>Lög og textar</i>			
89.	Heyr mina bæn.....	27 134.	La dolce vita	433
90.	Rósin	27 135.	Þar sem hjartað slær	43
91.	Söngurinn um lífið.....	288 136.	Iður	43
92.	Sem lindin tær.....	28 137.	Ljúft að vera til	444
93.	Ríðum sem fjandinn.....	299 138.	Ástin á sér stað.....	44
94.	Traustur vinur	299 139.	Á sama tíma á sama stað	455
95.	Endurfundur	29 140.	Minning um mann.....	455
96.	Lítill drengur.....	29 141.	Kvöldsígling	45
97.	Söknuður	30 142.	Komum fagnandi	466
98.	Þú átt mig ein.....	30 143.	Nú meikarðu það Gústi/Slor og skítur	466
99.	Bíddu pabbi	30 144.	Pípan.....	46
100.	Riddari götunnar	311 145.	Svefneyjar kalla	477
101.	Vertu ekki að plata mig.....	31 146.	Angel of Harlem	47
102.	Ég fann þig	31 147.	Party girl.....	488
103.	Þórður.....	322 148.	One	488
104.	Nína og Geiri	32 149.	In a little while.....	48
105.	Danska lagið	32 150.	With or without you.....	499
106.	Alls staðar er fólk.....	33 151.	Bad moon rising.....	499
107.	Syndir holdsins/Lifi ljósið.....	33 152.	Have you ever seen the rain	49
108.	Nákvæmlega(fögur og flott).....	344 153.	Country roads	50
109.	Áhyggjulaus.....	344 154.	Heart of gold.....	50
110.	Rangur maður	34 155.	Streets of London	50
111.	Búkolla	34 156.	Mustang Sally	51
112.	Sólstrandargæi	35 157.	Sailing	511
113.	Pabbi þarf að vinna	35 158.	To be with you.....	511
114.	Allt fyrir mig.....	35 159.	More than words.....	511
115.	Mamma þarf að djamma	366 160.	Where is my mind	512
116.	Leiðin okkar allra.....	36 161.	Stand by me	522
117.	Ljósvíkingur	377 162.	Mrs. Robinson	522
118.	Í síðasta skipi	37 163.	Say it aint so.....	523
119.	Allur lurkum laminn	37 164.	Sonnet	533
120.	Önnur sjónarmið	388 165.	Hotel California.....	533
121.	Sandalar.....	38 166.	Why does it always rain on me	534
122.	Ást (Sólin brennir..)	399 167.	Sing	544
123.	Góða ferð.....	39 168.	Starman	545
124.	Prumpfólkið.....	39 169.	Ziggy Stardust.....	555
125.	Ég veit þú kemur.....	40 170.	Space oddity	555
126.	Í brekkunni	40 171.	Last kiss.....	556
127.	Dagar og nætur	411 172.	Creep	566
128.	Alltaf í Heimaey	41 173.	Street spirit	566
129.	Sumarnótt	41 174.	Karma Police	567
130.	Þú veist hvað ég meina mær.....	41 175.	High and dry	577
131.	Í dalnum	422 176.	Sweet child of mine	577
132.	Lífið er yndislegt.....	42		
133.	Eyjan græna.....	42		

©	<i>Sigurbjörn Daði Dagbjartsson</i>	<i>Lög og textar</i>
177.	Patience	577
178.	Cheers	578
179.	Ring of fire	588
180.	Folson prison blues	588
181.	Angels	589
182.	Hallelujah	59
183.	Simply the best	60
184.	We are the champions	600
185.	Imagine.....	601
186.	Let it be	61
187.	Hey Jude.....	611
188.	Come together	611
189.	Help.....	612
190.	I want to hold your hand	62
191.	I saw her standing there	622
192.	I should have known better	622
193.	Please please me	623
194.	A hard day's night	633
195.	Yesterday.....	634
196.	She loves you.....	644
197.	With a little help	644
198.	Ob-la-di-ob-la-da... ..	645
199.	All my loving.....	655
200.	Oh, darling.....	656
201.	In my life	666
202.	Things we said today	66
203.	Richie Valens syrpa	677
204.	Bítlasyrpa	688
205.	Stuðmannasyrpa.....	70
206.	Gamla syrpa.....	722
207.	Eurovision syrpa.....	744

1. Stál og hnífur Bubbi

Þegar ég vaknaði um morguninn
er þú komst inn til mín
Hörund þitt eins og silki
andlitið eins og postulín

Við bryggjuna bátur vaggar hljótt
í nótt, mun ég deyja
Mig dreymdi dauðinn sagði komdu fljótt
það er svo margt sem ég ætla þér að segja

**Ef ég drukknna, drukknna í nótt
ef þeir mig finna**

**Þú getur komið og mitt sótt
og þá vil ég á það minna**

Stál og hnífur er merki mitt
merki farandverkamanna
Mitt var þitt og þitt var mitt
meðan ég bjó á meðal manna

2. Fatlafól Megas

Ég þekkti einu sinni fatlafól
sem flakkaði um í hjólastól
með bros á vör og berjandi þó lómínn

Hann ók loks í veg fyrir valtara
og varð að klessu oj bara
Þeir tók' hann upp með kíttspaða
og sett' hann beint á sjónminjasafnið

Fatlafól, fatlafól

flakkandi um á 10 gíra

spítthjólastól

Ók loks í veg fyrir valtara

og varð að klessu oj bara

Þeir tók' hann upp með kíttspaða

og sett hann beint á sjónminjasafnið

3. Mr. Dylan Bubbi

Ég hef opnað mig mína leynstu hugsun tjáð
En þú skilur mig ekki tekur því með háð
Fortíð mín er dock hamingjan er mött
Og það sem ég segi þér finnst þér út í hött

Þú sem hefur alist uppí frið og ró
Í faðmi yfirstéttarinnar
hefur hönd þín aldrei snert á plóg
Hvað veist þú um það hvað það er að vera á sjó
Eða vera svo hræddur að
jafnvel myrkrið að þér hló hmmm

Þú sem ert fædd með gullskíð í kjafti
Vissirðu ekki að mamma þín lá undir fyllirafti
Þú sem byggir allt á bók vina mín
en hvar er reynslan þín

Þú misskildir mig rangtúlkaðir orð mín
Jú víst hef ég lifað og hagað mér eins og svín
Ég virði það samt að ég fékk að líta inn til þín
Því ég hef aldrei séð gullkálfinn nema í sín
hmmmm

4. Sumarið er tímínn Bubbi og Rúnar Rúl

Sumarið er tímínn þegar hjartað verður grænt
og augu þín verða himinblá, ójá
Sumarið er tímínn þegar þjófar fara á stjá
og stela hjörtum fullum af þrá, ójá

Þér finnst það í góðu lagi

Þér finnst það í góðu lagi

Þér finnst það í góðu lagi ójá

Sumarið er tímínn þegar kvenfólk springur út
og þær ilma af dulúð og sól, ójá
Sumarið er tímínn þegar mér líður best
með stúlkunni minni upp á Arnarhól, ójá

Þér finnst það í góðu.....

5. **Afgan** Bubbi

Ég hlusta á Zeppelin og ég ferðast aftur í tímann
 Þú spyrd mig, hvar er gimsteinninn
 í augum þínum ljúfan?
 Svitinn perlar á brjóstum þínum
 þú bítur í hnúann
 Þú flýgur á brott með syndum mínum,
 Svartur Afgan

Ég elska þig svo heitt, að mig sundlar og verkjar
 Í faðmi þínum þú lætur mig finna til sektar
 Úti í horni liggur kisi þinn og malar
 inn á baðherbergi stendur vofan þín og talar

Úti hamast regnið við að komast inn til þín
 Ég skríð undir sængina
 heyri hvernig stormurinn hvín
 Drottningin með stríðsfákana sína
 býður okkur inn til sín
 Hún sýnir okkur inní sólina segir að sólin sé sín

Lyftan var biluð húsvörðurinn kallaði mig svín
 sagðist hata alla poppara
 ég hélt hann væri að gera grín
 Ég sagðist vera að heimsækja stúlku
 hún væri unnusta mín
 Hann sagði: Mér er nákvæmlega
 sama þó hún sé ekki stúlkan þín

Þegar ég bankaði á dyrnar opnaði vofan þín
 Hún sagði: Þú varst bara draumur
 ég hefð' aðeins séð þig í sýn
 Ó, ég elska þig ég vil ekki vakna
 Svartur Afgan drauma minna ég sakna

6. **Rómeó og Júlía** Bubbi

Uppi í risinu sérðu lítið ljós
 heit hjörtu, fölnuð rós
 Matarleifar, bogin skeið
 undan oddinum samviskan sveið

Þau trúðu á draumamyrkrið svalt
 draumarnir tilbáðu þau
 Fingurnir gældu við stálið kalt
 Lífsvökvan dælan saug

Draumarnir langir runnu í eitt
 dofin þau fylgdu með
 Sprautan varð lífið með henni gátu breytt
 því sem átti eftir að ske

Uppi í risinu lágu og ófu sinn vef
 óttann þræddu upp á þráð
 Ekkert gat skeð því það var ekkert ef
 ef vel var að gáð

**Hittust á laun, léku í friði og ró
 í skugganum sat Talía
 Hvítir hestar drógu vagninn
 með Rómeó, við hlið hans sat Júlía**

Trúðu á draumamyrkrið svalt
 draumarnir tilbáðu þau
 Rómeó - Júlía x2

Þegar kaldir vindar haustsins
 blása naprir um göturnar
 sérðu Júlíu standa, bjóða sig hása
 í von um líf í æðarnar

Því Rómeó villtist inn á annað svið
 hans hlutverk gekk ekki þar
 Of stór skammtur stytta þá bið
 inn á klósetti á óþekktum bar

Hittust á laun.....

7. **Syneta** L: Erl, T: Bubbi

Milli jóla og nýárs um nótt við komum, í
nístingskulda, slyddu og él
Syneta hét skipið sem skreið yfir landið
með skaddað stýri og laskaða vél

Við austurströndina stóðum á dekki
störðum í sortans kóluský
drunur brimsins bárust um loftið
bæn mín drukknaði óttanum í

**Innst í firðinum sáum við ljósinn lýsa
ljósinn sem komu þorpinu frá
um síðir þau hurfu í hríðina dökku
um hjörtu okkar flæddi lífsins þrá**

Þessa nótt skipið á Skrúðnum steytti
skelfing og ótti tóku öll völd
Í bátana komumst við kaldir og þreyttir
í kolsvarta myrkri beið aldan köld

Þá nótt við dóum, drottinn minn góður
drukknuðum bjarglausir einn og einn
Himinn og haf sýndust saman renna
okkar síðasta tak var brimsorfinn steinn

Innst í firðinum....

Í þangi við fundumst en fimm ennþá vantar
fjörinni aldan skilaði oss
í hús á börum við bornir vorum
með bláa vör eftir öldunnar koss

Ef þú siglir um sumar, vinur
og sérð við Skrúðinn brimsorfin sker
viltu biðja þeim fyrir er fórust
þeim fimm sem aldrei skiluðu sér

8. **Við Gróttu** Bubbi

Í rauðbláu húmi sólin sest niður
yfir sjónum er miðnæturfriður
þar er vitinn sem vakir allar nætur.
Varlega aldan snerti okkar fætur.
Sporin í sandinum hverfa eins og árin
eins hefur gróið yfir gömlu sárin.

**Og jörðin hún snýst um sólina,alveg eins og ég
og jörðin hún snýst um sólina,alveg eins og ég.**

Dimmblá skýin skreyta sjónarhringinn.
Þú skoðar sem barnið þarabynginn
og hlátur þinn fyllir mig fögnuði þess
sem finnur að lífið hefur valið honum sess
við hlið hennar allt þar til lífinu lýkur.
Að lifa með henni það er að vera ríkur.

Og jörðin hún....

Svo loka ég augunum örlitla stund
augnablikið á sinn hljóðláta fund.
og hjartað hvíslar ástin er göldrótt
og hafið verður eitt augnablik hljótt.
ást okkar er orðin stór og sterk.
Ég elska þig mitt fallega furðuverk.

Og jörðin hún....

9. **Kyrrlát kvöld** L:Bubbi T:Þorlákur Kristinn

Það er kyrrlát kvöld við fjörðinn
rygðað liggur bárujárn við veginn
Máfurinn, múkkinn og vargurinn
hvergi finna innyflin

Meðan þung vaka fjöll yfir hafi
í þögn stendur verksmiðjan ein
Svo langt frá hafi
ekkert okkar snýr aftur heim

Því allir fóru suður í haust

í kjölfar hins drottandi herra
Bátar fúna rotna í naust
það nam vart með öðru en að hnerra

Dauðadóm sinn
kvað hann upp og glotti
þorpsbúann hann hafði
að háð og spotti
síldin farin fer ég líka
suður á bankanna val

10. **Eyjan mín (texti á bls 42)** Bubbi

11. **Aldrei fór ég suður** Bubbi

Ég vakna oftast þreyttur varla með sjálfum mér
En ég veit það er til annað líf
en það sem ég lifi hér

Og þrá mín hún vakir
meðan þokan byrgir mér sýn
Mig þyrstir í eitthvað annað en
gúaná, tékka og vín

Á fiskinum lifir þorpið þorskurinn er fólkinu allt
Það þrælur alla vikuna vaðandi slor og salt

Við færibandið standa menn
en þeir finna þar enga ró
Flestir þeir ungu komnir suður
þar sem af draumunum er nóg

Langa dimma vetur

er vindurinn smaug í gegnum allt kannski var
öllum öðrum hlýtt en mér var allavegana kalt
Það biðu allir eftir sumrinu
en biðin var löng og ströng
bátarnir lágu tómir við kajann
í kinnungunum söng

Faðir minn átti drauma sem dóu fyrir lítið fé
Mig dreymdi' um að verða að manni
en ég náð' honum aðeins í hné

Ég gleymi seint þeim augum
gínandi botnlaust tóm
Gamall maður fyrir aldur fram
með brostinn hrjúfan róm

Þegar ég var rétt orðinn sautján
um sumarið barst mér frétt
að sæta dúkkan hans Bensa í gröf
væri orðin kasólétt

Nætturnar urðu langar og nagandi ótti með
negldur ég gat ekki tekið til baka
það sem hafði skeð

Langa dimma vetur.....

Aldrei fór ég suður alltaf skorti mig þor
hvert einasta sumar var því frestað
svo kom haust og svo vetur og vor

Nú er ég kominn á planið og þæli ekki neitt
Ég þækla mína tunnu fyrir það ég fæ víst greitt

Ég hugsa oft um börnin mín
bráðum kemur að því
að þau bíði ekki lengur, þau fara
hér er ekkert sem heldur í

Enn koma tómir bátarnir
og bræðslan stendur auð
Baráttan er vonlaus þegar miðin eru dauð

Langa dimma vetur....

12. Kaupmaðurinn á horninu

Bubbi og Rúnar Júl

Það var einu sinni dealer
sem dreymdi að eignast það
dóp sem var í landinu og allt á sama stað
Hörðum höndum vann hann og lævís lagði net
Í lausamennsku var hjá fíknó og átti Íslandsmet

Hann hafði aldrei setið inni nei ekki einu sinni

Á laugardögum mætti hann

myndir gát' ei hrætt hann

Hann talaði og talaði og malaði og malaði

Framtíð fíknó skóp

hann átti bæjarins versta dóp

Hann átti fína nál og skeið og skratti fína dælu
skríða þurftu menn til hans sem ekta vildu sælu
Samkeppnin var engin í undirheimum þá
Alltaf var hann fyrstur kjafta menn á bak við slá

Hann hafði aldrei.....

Hann blandnaði með sykri á svaka fína vikt
með svaka nef á face-inu sem fann ei neina lykt

Var hataður af fíklum sem finna það á sér
Þeir fá ekkert dóp í bænum betra eins og er

Hann hafði aldrei....

13. Ragnheiður biskupsdóttir Megas

Ragnheiður biskupsdóttir brókar var með sótt
og beiddi þegar Daði mælti á latínu
Hann kenndi henni sitthvað
til gamans og til gagns
og gerðist snemma þaukunnugur gatinu
Í skammdeginu vildi henda
að villtust bestu menn
og var oft fyrir kvenlíkami í rúminu
en milli draums og veru þeir vissu óglögg skil
og voru síst að pæla í þeim í húminu

Og Ragnheiður, hún fæddi einn dag
hann Daðason
menn dylgjuðu, menn báru hana út
menn hædd' hana
En hlýðið góðir drengir það er hlálegt en þó satt
Það var helvítið hann Brynjólfur sem sædd' hana

14. Spáðu í mig Megas

Kvöldin eru kaldlynd úti á nesi
kafaldsbilur hylur hægð og lægð
kalinn og með koffortið á bakinu
kem ég til þín segjandi með hægð
Spáðu í mig og þá mun ég spá í þig
Spáðu í mig og þá mun ég spá í þig
Nóttin hefur augu eins og flugan
og eflaust sér hún mig þar sem ég fer
heimulega á þinn fund að fela
flöskuna og mig í hendur þér
Spáðu í mig....

Finnst þér ekki Esjan vera sjúkleg
og Akrafjallið geðbillað að sjá
en ef ég bið þig um að flýja með mér
til Omdúman, þá máttu ekki hvá **Spáðu í...**

15. Vegbúi KK

Þú færð aldrei að gleyma þegar ferðu á stjá
Þú átt hvergi heima, nema veginum á
Með angur í hjarta og dirfskunnar móð
Þú ferð þína eigin ótroðnu slóð

Vegbúi, sestu mér hjá

segðu mér sögu, já segðu mér frá

Þú áttir von, nú er vonin

farin á brott, flogin í veg

Eitt er að dreyma annað að þrá

Þú vaknar að morgni, veginum á

Vegbúi...

16. Þjóðvegur 66 KK

Þjóðvegur 66 Í fjarlægð þeim sýndist
fjöllin vera blá
fundu hvorki sjálfan sig né eitthvað sem þau þrá
á þjóðvegi 66, þjóðvegi 66

Manneskjur á flótta allsstaðar á ferð
í gegnum New York og Disneyland
hún iðar þessi mergð

Allir beygðu í vestur héldu í sömu átt
sátu upp á hlassinu

það hafði enginn hátt, á þjóðvegi 66

Í fjarlægð....

Jón nokkur Steinbeck hann fór þessa slóð
og hann skrifaði skruddu um undarlega þjóð

Um fólk í nauðum sem leitaði að náð

mætti fjandskap allt þetta er skráð

á þjóðvegi 66

Örlög gáfu spilin, gjöf var ekki góð

annað hvort að deyja eða fara þessa slóð

á þjóðvegi 66, þjóðvegi 66

Þeirra biðu örlög sem ekki voru skýr, annað
hvort að deyja eða heyja þetta stríð **Á þjóð...**

Þá bræður hörfa og herja vítisöfl

til eru höfðingjar við Íslands bláu fjöll

Sem heldur vilja deyja en lifa í þeirri smán

að hafa ekki gefið sem þeir gátu verið án

á þjóðvegi 66

Til eru fjöll sem alltaf verða blá

Draumar sem rætast, trú og þrá

á þjóðvegi 66, já líttu við

Sjáðu þjóðveginn, hann er blár

þetta er þjóðvegur 66, þjóðvegur 66

17. Besti vinur KK

Já, þetta er besta skinn besti vinur þinn
Tekur hlýlega í hönd og kyssir þig á kinn
Og þú stendur stjarfur og skilur ekki neitt
Þegar hann frystir þig með brosi sem hann fékk
hjá Colgate

Og þú skalt telja fingurna 1,2,3

Þessi úlfabros geta verið svo dýr

Hann selur fífil og fjall fyrir 5þús kall

Já hann er viðskiptajöfur hann er geysilega snjall

Hann er gefinn fyrir grín, sérðu bara hvernig

hann hlær – ha ha ha ha

Þegar hann rukkar þig um milljón

þótt hann skuldi þér tvær

Og þú skalt telja fingurna 1,2,3

Þessi íslenska fyndi getur verið svo dýr

Já hann ruggar og rær og telur á sér tær

Segist breyttur maður öðruvísi en í gær

Við snúm bókum saman fyrirheitin eru góð

Ég segi varaðu þig, varaðu þig

Hann þyrstir í blóð

Og þú skalt telja fingurna 1,2,3

Þessi viðskiptajöfur hann er ekki nógu skýr,
hann er einhvers konar dýr

Teldu fingurna 1,2, 3

Þessi úlfabros geta verið svo dýr

Teldu fingurna það vantar alla 5

Þessi viðskiptaveröld hún er allt of grimm

18. When I think of angel KK

When I think of angels I think of you

And your flaming red hair

And the things that you do

I heard you had left no it couldn't be true

When I think of angels I think of you

God's speed to you angel Wherever you go

Although you have left I want you to know

My heart's full of sorrow I won't let it show

I'll see you again when it's my time to go **1.erin**

19. **Óbyggðirnar kalla** Magnús Eiríks

Hoppa kátur út um dyrnar við blasir heimurinn
 Himinblár er bláminn himneksur jökullinn
Óbyggðirnar kalla
Og ég verð að gegna þeim
Ég veit ekki hvort eða hvernig x2
Eða hvenær ég kem heim

Bergmál óbyggðanna svo bjart í höfði mér
 Leiður á öllu og öllum hundleiður á sjálfum mér

Óbyggðirnar....

Hoppa kátur út um gluggann, úr blokk á 1.hæð
 Svo siglir sálarduggan í allri sinni smæð
Óbyggðirnar....

20. **Ómissandi fólk** Magnús Eiríks

Allsnakinn kemurðu í heiminn
 og allsnakinn ferðu burt
 frá þessum dauðu hlutum Em
 sem þér, fannst þú hafa dregið á þurrt

Og eftir lífsins vegi
 maður fer það sem hann fer
 og veistu á miðjum degi
 dauðinn, tekur mál af þér

Ofmetnastu ekki
 af lífsins móðurmjólk
 kirkjugarðar heimsins
 geyma, ómissandi fólk

Allsnakinn kemurðu og.....

Ofmetnastu ekki.....

21. **Einhversstaðar einhvern tíma**
aftur Magnús Eiríks

Einhversstaðar einhvern tíma aftur
 liggur leið þín um veginn til mín
 og þú segir: Ég saknaði þín.
 Ég saknaði þín

Kyrrlát kvöldið hvíslar ástarorðum
 út í buskann, hver heyrir þau nú
 Út úr lífi mínu lappaðir þú lappaðir þú

En ég nenni ekki að hanga hér

þótt hugur dvelji oft hjá þér

Lífið bíður líka eftir mér

Það er alveg nóg af sorg og sút

svo ætla ég eitthvað út

Að finna einhvern félagsskap

því hik þú veist er sama og tap

Nú er bráðum tími til að þegja

því er ósagt nú á ég svo fátt

en ég sendi þér kveðju í sátt, kveðju í sátt

En ég nenni ekki að hanga...

22. **Gamli góði vinur** Magnús Eiríks

Gamli góði vinur glaðir gengum við oft forðum
 en við gátum líka skipst
 á grát og grimmdarorðum
 Þú varst ekki betri en ég uppátækin furðuleg
 og eftir skólaár við héldum hvort sinn veg
 Út í kaldlynd hversdagsstríð
 kepptum við að kappi um hríð
 að sama marki gegnum áralanga tíð

Gamli góði vinur nú er gróið yfir sporin
 með Sjenna bróður sem við gengum oft á vorin
 Ég slæ ei lengur á þitt bak
 við látum duga handartak
 Við þykjumst vera orðnir menn og engum háðir
 en þegar vínið vermir sál
 við tölum ennþá sama mál
 þó er það af sem áður var við vitum báðir

Gamli góði vinur enginn greinir lengur brosið
 Er það afaní dagsins gráma orðið frosið
 Þú varst ekki betri en ég uppátækin furðuleg
 Og eftir skólaár við héldum hvort sinn veg
 Út í kaldlynd hversdagsstríð
 kepptum við af kappi um hríð
 að sama marki gegnum áralanga tíð

23. **Ó, þú** Magnús Eiríks

Ó, þú, engin elskar eins og þú
Engin brosir líkt og þú
Engin grætur eins og þú

Ó, þú, ert sú eina sem ég elska nú
Fjarri þér hvar sem ég er
ég þrái að vera nærri þér

Dagurinn líður mig dreymir
um daginn er kynnumst við fyrst
Dagstygur aldrei því gleymir
að hafa þig elskað og kysst
1. Erindi

24. **Reyndu aftur** Magnús Eiríks

Þú reyndir allt til þess að ræða við mig
Í gegnum tíðina ég hlustaði ekki á þig
Ég gekk áfram minn veg
niður til heljar hér um bil
Reyndu aftur ég bæði sé og veit og skil

Nú hvert sem er skal ég fylgja þér
Yfir Esjuna til tunglsins trúðu mér
Ég gekk minn breiða veg
niður til heljar hér um bil
Reyndu aftur ég bæði sé og veit x2
Reyndu aftur ég bæði sé og veit og skil

25. **Braggablús** Magnús Eiríks

Ein í bragga, Magga, gægist út um gluggann
bráðum sér hún Skuggabaldur skunda hjá
Enn einn túrinn, stúrinn, olú á skúrinn
er erfitt nema fyrir fjandans aur að fá

Í vetur, betur, gekk henni að galdra
til sín glaða kalda karla sem oft gáfu aur
En Magga í sagga situr ein í bragga
á ekki fyrir olú, er alveg staur

Fyrst kom Bretinn, rjóður, yndislega góður
þá bjó hún Magga á Borginni í bleikum kjól

Svo kom Kaninn, þaninn, kommúnistabaninn
þá kættist Magga ofsalega og hélt sín jól

Svo færðist, aldur, yfir eins og galdur
og ávallt verra og verra varð í karl að ná
Nú er Magga stúrinn, því olú á skúrinn
er erfitt nema fyrir fjandans aur að fá

26. **Róninn** Magnús Eiríks

Undir gömlum árabát er næturstaður manns
Kassi merktur Tuborgöli er eina mubblan hans
Hann stundar ekki vinnu bara betlar lítið eitt
Í bláleitt glas af kogara er hverri krónu eytt

Fátt eitt skiptir máli og hann fréttir aldrei neitt
Furðulega rólegur samt er hann yfirleitt
Fólki því sem finnst hann vera róni og flökkudýr
er einnig fjarlæggt bálið sem í brennivíni býr

Hann átti eitt sinn fjölskyldu já, bæði bíl og hús
Bakkus tók það frá honum nú eru þeir tveir dús
Fólki er svo sem sama þótt róni spræni í brók
og stolt hans var það fyrsta
sem hann Bakkus gamli tók Du ru ru du ruru...

Þó er það svo afstætt hver er aumingi og svín
Á dómsins hinsta degi drekkur róninn máski vín
Við háborðið með Pétri og himnafeðgunum
Í hlýju þornar hlandið úr rónabuxunum
Du ru ru du ruru...

27. **Sölvi Helgason** Magnús Eiríks

Hver var það sem hló
að sínum lítilsigldu löndum
sem skildu ekki skáld og förumenn?
Klæðalítill, fátækur á köldum Íslands ströndum
hann kemur fram í huga okkar enn.

**Var hann helgur maður
eða latur flækingshundur,
var hann sendur til að vekja nýja von**

Hvað var það minn kæri
sem þú vildir okkur segja,
þú frægi skrátni Sölvi Helgason ?
Líkt og Kristur forðum varstu krossfestur af
lýðnum
sem til leti taldi heimspeki og list.

Hög var hönd og hugur þinn og að þér hændust
börnin
og marga heita konu fékkstu kysst.

Varstu helgur maður eða latur flækingshundur,
varstu sendur til að vekja nýja von
Hvað var það minn kæri
sem þú vildir okkur segja,
þú frægi skrátni Sölvi Helgason ?

Oft þú hafðir himininn að þaki þínu um nætur
og þráðir aðeins frelsi og ferðagrið.
Undir aldrei búandhokri, festir hvergi rætur
því hugur stefndi út á önnur svið.

Upp til hárra fjalla þar sem fálkar einir fljúga
þú fluttir þína bæn og þína von.
Og þó að lýður segi að þú þreytist seint að ljúga
varstu heill og sannur Sölvi Helgason.
varstu heill og sannur Sölvi Helgason

28. **Ég er á leiðinni** Magnús Eiríks
Á morgun er kominn nýr dagur
Og sporin sem ég steig í nótt
Fyrnast fljótt á þessum stað
Gleymir þú mér eða hvað

Skip mitt skríður frá landi
Með skellum við skundum á braut
Augun skær um höfin breið
Mér fylgja alla leið

Ég er á leiðinni, á leiðinni

Alltaf á leiðinni, á leiðinni
Til þess að segja þér
Hve heitt ég elska þig
En orðin koma seint, þau koma seint
Og þó ég hafi reynt, ég hafi reynt
Mér gengur nógu illa
að skilja sjálfan mig

Á sjónum enn ég lafi
Oft ég heilann brýt um það
Hvort örlögin mér hafi
Ætlað einmitt þennan stað

Þú veist að ég uni ekki í landi
En verklaginn er ég á sjó
Svo þú sérð að ég verð
Að fara þessa ferð

Skip mitt skríður frá landi
Með skellum við skundum á braut
Augun skær um höfin breið
Mér fylgja alla leið

Ég er á leiðinni..... x 2

29. **Af litlum neista**

L: Guðmundur Ingólfs, T: Guðmundur og Magnús Haralds

Oft má finna atvik smátt sem orsök nýrra kynna
Það markar oft þá meginátt
sem mannsins örlög þráðinn spinna

Sígarettu hafði hann í hendi milli fingra sinna
en eldspýturnar eigi fann,
þær einhversstaðar varð að finna

Ástin er eins og sinueldur, ástin er segulstál.
Af litlum neista verður oft mikið bál.
Ástin er eins og hvítigaldur,
gagntekur líkama' og sál.
Af litlum neista verður oft mikið bál.

Brátt hann leit á bjarta mey

við borð í salnum aðeins innar.
Hann óðamála sagði ókey!
Hún er yndisfögur með rjóðar kinnar.

Hann slátt í brjósti sínu kenndi
er sá hann þessa fögru snót
Og beina leið á borðið renndi
með bros á vör og hljóp við fót.

Ástin er eins og sinueldur.....

En ekki bara eld á spýtu einan fékk hjá snótinni.
Því sjá þar mátti svart á hvítu
hvað skein frá hjartarótinni.

Nú boga amors englar spenntu,
óx nú fljótt.

Í hvolf og gátt þær hiklaust lentu,
já, himnahersveit brást við skjótt.

Ástin er eins og sinueldur.....

30. Ef ég væri Guð L: Sssól, T: Helgi Björns

Ef ég væri Guð ég myndi vekja þig
þú veist ekki hvað er að finna til
Þú ert dauður einhversstaðar inn í þér
eldur hjartans, ekki lengur lifandi

Ef ég væri Guð, ég myndi sýna þér
Ef ég væri Guð, ég myndi gefa þér
Alla daga, allar nætur skuldlausar
liðinn tíma, ljúfar stundir, ástina ef ég væri Guð

Einhvern tíma, einhvern tíma
einhvern tíma þú veist - 1. Erindi

31. Ég stend á skýi L: Sssól, T: Helgi Björns

Einn morgunn vakna ég snemma
ég anda að mér vorinu
ég horfi á flauelsmjúka skugga
sem fagna sólarkomunni

Ég stend á skýi í algleymi

Ég stend á skýi í alheimi

Og ég mun opna mitt hjarta
og baða mig í dögginni
Og rísa upp sem nýr maður
ó, ég hef fundið sjálfan mig

Ég stend á skýi..

32. Geta þabbar ekki grátið

L: Sssól, T: Helgi Björns

Eitt lítið tár læðist niður kinnina þína
einmanna, vinalaus, lítill í hjartanu og smár
Brosið þitt gæist samt alltaf í gegnum tárin
Manstu hvað þú sagðir einu sinni við mig

Geta þabbar ekki grátið x 2

Allir að dást að því hvað þú sért stór og sterkur
kinnkað kolli og klappað hraustlega á bak
Ef þú svo dettur og meiðir þig mátt' ekki gráta
Það er sko merki um dugleysi og aumingjaskap
Geta þabbar ekki grátið.....

33. Svo marga daga L: Sssól, T: Helgi Björns

Barnið þitt grætur, einmanna, sárt
aleitt það vakir hér um nótt
Þú hljóst í burtu frá ástinni
í eilífðri leit þinni að lífinu

**Svo marga daga svo margar nætur
aldrei komstu aftur heim**

Þú fannst í hjarta þínu að heima er best
og öll þín frægðarverk eitt hjóm
Of seint þú opnaðir augu þín
Lífið það leikur sér af þér

Svo marga daga....

34. **Kartöflur** L: Sssól, T: Helgi Björns

Einn heima að hugsa, hvað skal gera
 Soldið svangur, gott að borða
 Eitthvað gott gott
 Sama sagan, skítblankur ekkert í ísskápnum
 Haus í bleyti, hvað er til ráða?
 Þú verður að lifa af

**Hei, settu niður kartöflur Hei, þær koma upp
 Lalalalalala**

Söluskattur, matarskattur
 Oh, þeir hirð' af þér allan aur
 Grænar hendur göfug mold gefa þér uppskeru

**Hei, settu niður kartöflur Hei, þær koma upp
 Lalallaalallala**

Hei, settu niður kartöflur Hei, þær koma upp

35. **Húsið og ég** L: Rúnar Þórisson, T: Vilborg Halldórsdóttir

Húsið er að gráta alveg eins og ég
 la la la la la- o je
 Það eru tár á rúðunni sem leka svo niður veggina
 Gæsin flýgur á rúðunni
 eða er hún að fljúga á auganu á mér
 Ætli húsið geti látið sig dreyma
 ætli það fái martraðir
 Hárið á mér ljóst þakið á húsinu grænt
 ég Íslendingur, það Grænlandingur

Mér finnst rigningin góð la la la la la - o je

Einu sinni fórum við í bað og ferðuðumst til balí
 heyrðum í gæsunum og regninu
 Það var í öðru húsi x 3 það á að flytja húsið í vor
Mér finnst rigningin góð la la la la la - o je

36. **Dísa** L: Sssól, T: Helgi Björns

Manstu þá við vorum saman oní bát, þú og ég
 Það var ofsa, ofsa gaman
 Við kysstumst þar, feikna sleik

**Komdu aftur til mín Dísa – Dísa mín
 Komdu með í Kenwood chef**

Síðan flaugst þú yfir hafið,
 til móts við annað ævintýr
 Einn ég sit og bíð og vona
 Að þú komir til mín
 37. **Hjá þér** L: Guðmundur Jóns, T: Friðrik Sturlu
 Þegar kviknar á deginum og í lífinu ljós
 Þegar myrkrið hörfar frá mér
 Þá er eitthvað sem hrífur mig líkt og útsprungin
 rós. Þá vil ég vera hjá þér

Þegar geng ég í sólinni mitt um hábjartan dag
 litafegurð blasir við mér
 Þegar heimurinn heillar mig líkt og töfrandi lag
 Þá vil ég vera hjá þér

**Ég vil bæði lifa og vona
 ég vil brenna upp af ást
 ég vil lifa með þér svona
 ég vil gleðjast eða þjást
 Meðan leikur allt í lyndi líka þegar illa fer
 meðan lífið heldur áfram
 þá vil ég vera hjá þér**

Meðan skuggarnir stækka og ýta húminu að
 Gamall máni bærir á sér
 Þá vil ég eiga andartak inn á rólegum stað
 þá vil ég vera hjá þér

Ég vil bæði lifa og

Þegar slokknar á deginum yfirþyrmandi nótt
 stormar fyrir stjarnanna her
 En það bitur mig ekkert þá og ég sef vært og rótt
 ef þú vilt vera hjá mér þá vil ég vera hjá þér

38. **Sódóma** L:Guðmundur Jóns, T:Stefán Hilmars

Skuggar í skjóli nætur skjóta rötum sínum hér
Farði og fjaðrahamur allt svo framandi er

Fyrirheit enginn á aðeins von eða þrá
svo á morgun er allt liðið hjá

Sviti og sætur ilmur saman renna hér í eitt
Skyrta úr leðurlíki getur lífinu breytt

Fyrirheit enginn á aðeins von eða þrá
tíminn fellur í gleyskunnar dá
Fyrirheit enginn á aðeins draumar og þrá
svo á morgun er allt liðið hjá

Hérna er allt sem hugurinn getur girnst
já og eðalguðaveigar
nóttin er ung og hún iðar í takt við þig
Allt getur gerst og eflaust gerist það víst
bara bruggið ef þú teigar
Svo svifið þöndum vængjum
já svifið þöndum vængjum - Sódóma

Holdið er hlaðið orku hafið yfir þína sýn
Drjúpa af dimmum veggjum
dreyri, vessar og vín

Fyrirheit enginn á aðeins von eða þrá
Lífið fellur í gleyskunnar dá
Fyrirheit enginn á aðeins draumar og þrá
svo á morgun er allt liðið hjá

39. **Eltu mig uppi**

L:Guðmundur Jóns, T:Stefán Hilmars

Næturlífið krefsar í mig keyrir allt í kaf
langur skuggi engu líkur læðist út á haf

Hvergi banginn keyri ég og kætist yfir því
sem ég á í vændum síðar sem ég stefni í

Mikið var ég feginn því að lifa þessa nótt
Furðulegt þó hvernig fannst mér
tíminn fljúga fljótt

Mikið var að vökvar mínir vættu þessa sál
Eigðu við mig erindi á ný eltu mig upp - í nótt

Morgunbirtan bítur í mig bíður góðan dag
Lítill fluga fyrir utan flautar lítið lag

Tólf mínútur yfir og ég undra mig á því
Sem ég finn við síðu mina sem mig þyrstir í

Mikið var ég feginn því að

*Ekki líta undan, ekki beygja af leið
ekki tapa slóðinni, já ekki tína mér
ekki tína mér í nótt*

Mikið var ég feginn því að

40. **Þú fullkomnar mig**

L:Guðmundur Jóns, T:Stefán Hilmars

Það rofar til inn í mér og lífið tekur lit
Veit nú hvað gefur mér mest og tilverunni glit
Aldrei var sólin svo skær né fugla fegurri hljóð
Mér finnst ég skilja í dag öll heimsins ástarljóð

Þú fullkomnar mig
ég finn að ég er annar en ég var
Þú ert við spurnum mínum lokasvar
Þú lyftir mér upp, lýsir mér leið
Ég vegsama þig
og vonir mínar bind ég aðeins þér
Í blíðu jafnt sem stríðu fylgdu mér
Í huga og hér, ævinnar skeið

Liðið er grafið og gleymt og raunir frá í gær
Loksins ég veit upp á hár hvað hjartað í mér slær
Þó að ég ferðist um lönd þú ert mín heimahöfn
Norðljósín skrifa í kvöld í hvolfið okkar nöfn
Þú fullkomnar mig.....

Aldrei var sólin svo skær né fugla fegurri hljóð
Mér finnst ég skilja í dag öll heimsins ástarljóð

41. **Okkar nótt**

L:Guðmundur Jóns, T:Stefán Hilmars

Það er komið kvöld

Kertið er að klárast virðist mér

Ég er ennþá hér. Liggðu áfram, losaðu um

Ljúktu aftur augunum. Ekkert liggur á

Úti er fönnin köld frostið allt

og dimmur desember

Ég er ennþá hér. Húsið sefur, himnaljós

Varpa bjarm' á blómarós. Ekkert liggur á

Þetta er okkar nótt og okkar einu líf

Ég vil njóta hverjar mínútu með þér**Ég vil hvísla nafnið þitt og hvíla hér****Sérhvert andartak er eilífð fyrir mér****Útilokum allt.. alein..**

Það er eins og allt einhvern veginn hefjist

Hér og nú. Ástæðan ert þú

Leggðu hönd í lófa minn Langt í burtu' er

dagurinn. Ekkert liggur á Þetta er okkar nótt.....

Ég vil njóta hverjar mínútu með þér ...42. **Allt er á tjá og tundri** Guðmundur Jóns

Allt er á tjá og tundri get ekki fötin mín fundið.

Ei hissa þó þig undri er svipur hjá sjónu?

Framlágur er heldur kappinn.

Floginn um hvippinn og hvappinn.

Ég verð að safna í sarpinn

og sofa hjá Jónu. – ef hún vill mig

*Ég bið um frið, æ gef mér grið.**Ég verð að hvílast stundarkorn.**Ó, ekki meir, ég er eins og leir.**Ég spyr: Færðu aldrei nóg?***Nú er ég farinn. – nú er ég farinn****Meinilla farinn og búinn að vera.****Þverrandi þor, ekkert hægt að gera.****Nú er ég farinn!**

Með hausgarminn undir hendi

ég henni tóninn minn sendi.

Veit ekki hvar ég lendi er loðinn um nárann.

Nú finnst mér mál að linni

Verð ekki lengur hér inni.

Ég vona bara að hún finni mig ekki í fjöru.

*Ég bið um frið...***Nú er ég farinn...**43. **Fram á nótt** Björn Jörundur

Börn og aðrir minna þroskaðir menn

fóru að gramsa í mínum einkamálum

þegar ég var óharðnaður enn

og átti erfitt með að miðla málum

*Þú varst að ganga rekinn í kút**til þess að verða ei**fyrir aðkasti mannanna**Þó að þú lítir alls ekki út**fyrir að lifa eftir lögum þess bannaða***Hvernig kemst ég inn****þegar allt er orðið hljótt****fá að vera með um sinn****að djamma - fram á nótt**

Mitt vandamál er á andlega sviðinu

hugsanirnar heimskar

sem gínur á húspökum

þú ættir að sjá í andlitið á liðinu

er það sér úr þessum vandræðum

með bökum

*Þú varst að***Hvernig kemst ég inn..**

44. **Horfðu til himins**

Daníel Ágúst og Jón Ólafs

Bölmóðssýki og brestir bera vott um stýggð
lymskufullir lestir útiloka dyggð

Myrkviðanna melur mögnuð geymir skaut
dulúðlegur dvelur djúpt í innstu laut
dvelur djúpt í myrkviðanna innstu laut

*Varir véku að mér vöktu spurnir hjá mér
hvað get ég gert?*

Horfðu til himins með höfuðið hátt**horfðu til heimsins úr höfuðátt**

Bölmóðssýki og brestir bera vott um stýggð
lymskufullir lestir útiloka dyggð
lymskufullir lestir útiloka dyggð

*Heyrðu heimsins andi harður er minn vandi
Hvað get ég gert?*

Horfðu til himins...45. **Hjálpaðu mér upp** Björn Jörundur

Hjálpaðu mér upp ég get það ekki sjálfur
ég er orðinn leiður á liggja hér
Gerum eitthvað gott gerum það saman
ég skal láta fara lítið fyrir mér

Hjálpaðu mér upp**mér finnst ég vera að drukna**

Hvað getum við gert ef aðrir bjóða betur
dregið okkur saman og skriðið inn í skelina
Það er ekki hægt að vera minni maður
og láta slíkt og annað eins spyrjast út um þig

Hjálpaðu mér upp....

Þú – getur miklu betur en þú hefur gert
Þú – ert ekki sami maður og þú varst í gær
Þú – opnar ekki augun fyrir en allt of seint
Opnar ekki augun fyrir en allt er breytt

Hjálpaðu mér upp....46. **Allt** Björn Jörundur

Völundur á málm og tré smíðar allt sem ég sé
og vitund mín opnast þér meðtekur troðnar slóðir

Þú kennir mér að fara yfir farinn veg
og sjá það sem mér yfirsést en aðrir gætu séð

**Allt sem ég sé er öðrum að þakka
allt sem ég veit hefur mér verið sagt
Allt sem að er hefur verið hér áður
jafnvel líka þú**

Ég bý í hægra eyranu á þér
segi þér hvernig skilja skal
Það sem að við þig er sagt
og hvernig á að bregðast við lífinu í raun
Allt sem ég sé...

47. **Landslag skýjanna** Björn Jörundur

Þó að dagar og ár muni líða
skal ég læra að fljúga svo hátt
að ég komist miklu hærra en nokkur maður
hefur nokkurn tíma mátt

Þó að dagar og ár muni líða
skal ég læra að synda svo hratt
að ég komist miklu lengra
en nokkur maður hefur sagt fyrir satt

*Þá skal ég klifra upp í himnana
og skoða landslag skýjanna
Himnafestingin er fegurri en ég
næ ekki í hana*

Ekki fara – ekki yfirgefa**jú komdu – ég skal fyrirgefa**

oh

1.erindi *Þá skal ég klifra...* **Ekki fara...**

48. **Iður (texti á bls. 42)** Björn Jörundur49. **Í bláum skugga** Bjólan

Í bláum skugga af broshýrum reyr
við eigum pípu, kannski eilítið meir
Við eigum von og allt sem er dæmt og deyr
Dú-ú, dú, dú, dú. Dú, dú, dú, dú, dú

Við áttum kaggann, þúfur og þras
og kannski dreitil í tímans glas
En hvað er það á við gott lyfjagras
Dú-ú, dú, dú, dú. Dú, dú, dú, dú, dú

Og þegar vorið kemur á kreik
þá tek ég flugið og fæ mér reyk
Hann er mín trú og festa í lífsins leik
Dú-ú, dú, dú, dú. Dú, dú, dú, dú, dú

50. **Tætum og tryllum** Jakob Frímann

Tætum og tryllum og tækið nú þenjum
í botni eitthvert lengst upp í sveit
Tröllum og tjúttum og tókum svo lagið
í lundi hvar enginn veit

**Allir eru í fínu formi
enginn nennir neinu dormi
því nóttin er long þó að lífið sé stutt
og allir fara í sveitaferð**

Allt er í fína og enginn mun sýna
af sér sút eða sorg í kvöld
Konráð og Ræna, hani og hæna
fatta að hér er gleðin við völd

Allir eru í fínu formi....

51. **Manst' ekk' eftir mér?**

L: Ragga Gísla, T: Þórður Árnason

Ég er á vestur leiðinni, á háheiðinni.
Á hundrað og tíu, ég má ekki verða of seinn O O
Það verður fagnaður mikill vegna opunar,
fluggrillsjoppunnar.
Svo ég fór, og pantaði borð fyrir einn.

Ég frestaði stöðugt að fá mér starf
síðan síldin hvarf.
Enda svolítið latur til vinnu en hef það samt gott
Konurnar fíla það mæta vel, allflestar að ég tel
ég er og verð bóhem og þeim finnst það flott.

Man'st ekki eftir mér ?

Mikið líturðu vel út beibi frábært hár

Man'st ekki eftir mér ?

Hvar ertu búin að vera öll þessi ár

Ég hef nokkurn lúmskan grun um að,
ein gömul vinkona
geri sér ferð þangað líka. Ég veit hvað ég syng
Hún er á svotil á sama ári og ég,
asskoti hugguleg
og svo er, hún á hraðri leið inn á þing.
Man'st ekki eftir mér.....

52. **Úti á stoppustöð** Jakob Frímann

Út á stoppistöð ég skunda nú með flösku í hendi.
Í partíið hjá Stínu Stuð ég stóla á að ég lendi.

Með bros á vör ég bíð og vona að bráðum
komi bíllinn.
Í veislunni er voða lið
og valinkunnur skrýllinn.

**Hæ, Stína Stuð, halló Kalli og Bimbó,
hér er kátt á hjalla' og hér ég dvelja vil.**

**Nú þrumuskuð ég narra vil í limbó
og svo negla þær og tálga aðeins til**

Ef ekki í húla hopp
mér tekst að gabba hana Hönnu
helst þá vil ég Ellu kropp, Þuru eða Önnu.

Hæ, Stína Stuð, halló Kalli og Bimbó....

53. **Ástardúett** Jakob, Egill og Valgeir

Ég er dáinn úr ást þótt hjartað dæli blóði (blóði)
 ég heyri engan mun á hávaða eða hljóði. (hljóði)
 Ég er gagntekinn, altekinn, heltekinn,
 tekinn í framan. (framan)
 Ég er andvana, magnvana, máttvana þegar ég sé
 Hörpu Sjöfn Hermundardóttur
 Hörpu Sjöfn Hermundardóttur - Hörpu Sjöfn -
 Harpa Sjöfn.

Sterkur og stór stinnur eins og Sokki
 sem Runki fór á ríðandi á brokki.
 Ég finn fyrir skjálfta í hnjúnum,
 fiðringi í tánnum með honum,
 ég er andvana, magnvana, máttvana þegar ég sé
 Kristinn stuð Styrkársson Proppé,
 Kristinn stuð Styrkárson Proppé - Kristinn stuð -
 Stinni stuð.

**Samband þeirra er frá öllum hliðum séð
 stórfínt alveg til fyrirmyndar x2**

Hvar sem þú ert til sjávar eða sveita,
 þú efalaust ert að ástinni að leita.
 Hætt' ekki, gefst' ekki upp þó móti þér blási,
 við leituðum lengi og fundum hvort annað.
 Kristinn stuð Styrkársson Proppé,
 Harpa Sjöfn Hermundardóttir - Kristinn stuð,
 Harpa Sjöfn.

**Samband þeirra er frá öllum hliðum séð
 stórfínt alveg til fyrirmyndar x2**

54. **Strax í dag** L: Valgeir, T: Jakob Frímánn

Ég var með Badda á bjúkknum í gær.
 Ég var með Lilla á lettanum í dag.
 Og heitasta óskin er sú.
 Að hann Kalli komi kagganum í lag,

Strax í dag.

Í dag ég vona að hann komi kagganum í lag.

Í dag. Að kagginn verði tilbúinn í dag. X2

Mig langar sjúklega að skreppa á ball í kvöld.
 ég veit að gleðin verður þar við völd.
 Baddi, Stína, Lilli, Björn og Bimbó.
 Ég vona bara að ég hitti þau í kvöld
 Strax í dag, ég vona bara hann komi honum í lag
 Strax í dag, ég vona bara að hann komi honum
 Í lag.....

55. **Bíólagið (Svarti Pétur)**

L: Egill, T: Valgeir

Svarti Pétur ruddist inn í bankann
 með byssuhólk í hvorri hönd.
 Heimtaði með þjósti peningana
 og bankastjórann hnepti í bönd.

**Upp með hendur, niður með brækur
 peningana, ellegar ég slæ þig í rot,
 haltu kjafti, snúðu skafti,
 aurinn eins og skot.**

Svarti Pétur brölti upp á jálkinn
 og þeysti burt með dígran sjóð.
 Þeir eltu hann á átta hófa hreinum
 auk Nonna, sem rakti slóð.

Upp með hendur, niður með brækur...

∴: *Hesma þúsma mesma vosma kasma isma?*
Hesma þúsma mesma vosma? Já! ∴:

Þeir náðu honum nálægt Húsafelli
 og hengd'ann upp í næsta tré.
 Réttlætið það sigraði að lokum
 og bankinn endurheimti féð.

Upp með hendur, niður með brækur...

∴: *Hesma þúsma mesma vosma kasma isma?.....*

56. **Blindfullur** L. Valgeir, T: Bjólan

Nú er ég blindfullur og kemst ekki heim,
blindfullur og finn ekkert geim.
Ég er blindfullur og á engan aur,
blindfullur og styð mig við staur.

**Ég ætla að hætta að drekka á morgun.
Ég ætla að hætta að drekka en
verst að ég er blindfullur**

Ég var í fínu formi, mig langaði á ball,
fínu formi, mig fýsti á skrall.
Af dívangormi ég dreif mig á rall.
Í stinningsstormi skaust ég á ball.

**Ég ætla að hætta að drekka á morgun.
Ég ætla að hætta að drekka en
verst að ég er blindfullur x 3
Verst að ég er blindfullur x 3**

Löggan kom og henti mér út,
löggan kom og henti þér út,
löggan kom og henti okkur út,
og leigjandinn kom og allt fór í hnút.

Ég ætla að hætta að drekka á morgun....

57. **Slá í gegn** Valgeir Guðjóns

Ef ég ætti óskastein yrði óskinn aðeins ein,
ég er alltaf að reyna þú veist hvað ég meina,
um frægð og framandi lönd.

**Slá í gegn, slá í gegn
þú veist að ég þrái að slá í gegn
af einhverjum völdum
hefur það reynst mér um megn.**

Ég gæti boðið þér betri kjör
bíl og íbúð, brúðarslör
vakinn og sofinn, stálsleginn, dofinn
ég reyni að öðlast frægð.

Slá í gegn, slá í gegn

Ég mundi gera næstum hvað sem er
fyrir frægðinna,
nema kannski að koma nakinn fram.
Allt annað fyrirtak,
ég færi heljarstökk aftur á bak
af litlu bretti fyrir frægðina.
Slá í gegn, slá í gegn

58. **Úti í eyjum** L: Jakob, T: Egill

Úti í Eyjum - var Einar kaldí - er hann hér enn?
Hann var öðlingsdrengur,
ja svona eins og gengurum Eyjamenn.
Í kvenmannsholdið kleip hann soldið
klípur hann enn?
Hann sigldi um sæinn, svalan æginn
siglir hann enn? Við spyrjum konur og menn
Allir saman nú:

**Tra-la-la, tra-la-la la-la,
hann bjargaði sér fyrir björgin dimm,
Tra-la-la, tra-la-la la-la,
þær báðu hans einar fimm.**

Hann unni einni, Önnu hreinni,
ann'ann'enn'enn?
En hvar er Anna, elsku Anna?
Við spyrjum konur og menn.
Hann sást með Guddu, sætri buddu,
í suðlægri borg,
en Anna situr, ein og bitur,
í ástarsorg.
Allir saman nú:

Tra-la-la, tra-la-la la-la....

Mér er sem ég sjá'ann Einar kalda,
mér er sem ég sjá'ann Einar hér.
Er hann Einsí kannski búinn að tjalda
við hliðina á þér... **x2**

59. **Ofboðslega frægur**

L: Jakob og Egill, T: Þórður, Egill og Jakob

Hann er einn af þessum stóru,
sem í menntaskólann fóru
og sneru þaðan valinkunnir andans menn.
Ég sá hann endur fyrir löngu,
í miðri Keflavíkurgöngu,
hann þótti helst til róttækur og þykir enn.

**Já hann er, enginn venjulegur maður,
og hann býr, í næsta nágrenni við mig,
og hann er alveg ofboðslega frægur,
hann tók í höndina á mér, heilsaði mér.
Hann sagði: „Komdu sæll og blessaður“
ég fór gjörsamlega í hnút
Hann sagði: „Komdu sæll og blessaður“
ég hélt ég myndi fríka út**

Hann hefur samið fullt af ljóðum,
alveg ofboðslega góðum,
sem fjalla aðallega um sálar líf þíns innri manns.
Þau er ekki af þessum heimi,
þar sem skáldið er á sveimi
miðja vegu milli malbiksins og regnbogans.

Já hann er, enginn.....

Við ræddum saman heima og geyma,
ég hélt mig hlyti að vera að dreyma
en ég var örugglega vakandi.
Mér fannst hann vera ansi bráður,
hann spurði hvort ég væri fjáður
og hvort ég væri allsgáður og akandi.

Já hann er, enginn.....60. **Skýin** Spilverk Þjóðanna

Við skýin felum ekki sólina af illgirni
við skýin erum bara að kíkja á leiki mannanna
Við skýin sjáum ykkur hlaupa í rooooo í rokinu
Klædd gulum,rauðum,
grænum og bláum regnkápum
Eins og regnbogi meistarans,regnbogi meistarans
Við skýin erum bara grá, bara grá
Á morgun kemur sólin
Hvar verðum við skýin þá (erindi x2)

Hvar þá? X6

Hvar verðum við skýin þá?

61. **Sirkus geira smart** Spilverk Þjóðanna

Við rákum féð í réttirnar í fyrsta og annað flokk
Kílóíð af súpukjöti það hækkaði í gær
Og verðið sem var leyft í gær
er okkar verð að morgni. Nýjar vörur daglega

Þér finnst þú þurfa jakka og tvenna sirkusskó
Nýju fötin keisarans frá Karnabæ og co
Fötin skapa manninn eða viltu vera “púkó”
Nei, ekki ég

Við í sirkus geira smart trúum því að hvítt sé svart
og bíðum eftir næstu frakt (í buxnadrakt)

Mölkúlur og ryðvörn er það sem koma skal
innleggið á himnum hvað varðar þig um það
útarpsmessan glymur meðan jólalambið stynur
Nýjar vörur daglega

62. Þórsmerkurljóð

Þýskt þjóðlag, T: Sigurður Þórarinnsson

Ennþá geymist það mér í minni,
 María, María,
 hvernig við fundumst í fyrsta sinni,
 María, María.
 Upphaf þess fundar var í þeim dúr,
 að ætluðum bæði í Merkurtúr.
 María, María, María, María, María, María.

Margt skeður stundum í Merkurferðum,
 María, María,
 mest þó ef Bakkus er með í gerðum,
 María, María.
 Brátt sátu flestir kinn við kinn
 og kominn var galsi í mannskapinn.
 María, María, María, María, María, María.

Troddu þér nú inn í tjaldið hjá mér,
 María, María,
 síðan ætla' ég að sofa hjá þér,
 María, María.
 Svo örkuðum við saman vorn æviveg
 er ekki tilveran dásamleg.
 María, María, María, María, María, María.

63. Vor við sæinn (Bjartar vonir vakna)

L: Oddgeir Kristján, T: Árni úr Eyjum

Bjartar vonir vakna, í vorsins ljúfa blæ,
 bjarmar yfir björgum við bláan sæ,
 fagur fuglasöngur, nú fyllir loftin blá,
 brjóstin ungu bifast, af blíðri þrá.

Í æðum ólgar blóð í aftan sólarglód,
 ég heyri mildan hörpuslátt.
 Ég heyri huldumál, sem heilla mína sál
 við hafið svalt og safírblát.

Komdu vina kæra, ó komdu út með sjó,
 bylgjur klettinn kyssa í kvöldsins ró,
 viltu með mér vaka þú veist ég elska þig.
 Komdu vina kæra og kysstu mig.

64. Fyrr var oft í koti kátt

L: Friðrik Bjarnason, T: Þorsteinn Erlingsson

Fyrr var oft í koti kátt
 krakkar léku saman
 Þar var löngum hlegið hátt
 hent að mörgu gaman
 Úti um stéttar urðu þar
 einatt skrítnar sögur
 Þegar saman safnast var
 sumarkvöldin fögur

Eins við brugðum okkur þá
 oft á milli bæja
 Til að kankast eitthvað á
 eða til að hlæja
 Margt eitt kvöld og margan dag
 máttum við í næði
 æfa saman eitthvert lag
 eða syngja kvæði

Bænum mínum heima hjá
 Hlíðarbrekkum undir
 Er svo margt að minnast á
 margar glaðar stundir
 Því vill hvarfla hugurinn
 heillavinir góðir
 heim í gamla hópinn minn
 heim á fornar slóðir

65. Ó, María L: Erl og Sam Sam, T: Ólafur Gaukur

Hann sigldi út um höfin blá
 í sautján ár
 og sjómennsku kunni hann upp á hár
 Hann saknaði alla tíð stúlkunnar
 og mynd hennar stöðugt
 í hjarta sér bar

Ó, María mig langar heim
Ó, María mig langar heim
Því heima vil ég helst vera
Ó, María hjá þér

Í höfnum var hann hrókur mikill fagnaðar
 Hann heillaði þar allar stúlkurnar
 En aldrei hann meyjarnar augum leit
 Það átti ekki við hann
 að rjúfa sín heit

Ó, María mig langar heim...

Loks kom að því
 hann vildi halda heim á leið
 Til hennar sem sat þar
 og beið og beið
 Hann hætti til sjós,
 tók sinn hatt og staf
 og heimleiðis sigldi
 um ólgandi haf

Ó, María mig langar heim...

En fleyið bar hann aldrei heim
 að fjarðarströnd

Hann ferðast ei meira um ókunn lönd
En María bíður og bíður enn
hún bíður og vonar
hann komi nú senn

Ó, María mig langar heim...

66. **Komdu og skoðaðu** L: Erl, T: Páll Ólafs

Komdu og skoðaðu í kistuna mína
í kössum og handröðum þar á ég nóg
Sem mér hafa gefið í minningu sína
meyjarnar allar sem brugðust mér þó

Í handröðum þessum
ég hitt og þetta á
sem heldur en ekki er fróðlegt að sjá
tra la la la la la la la la la la

Rósaklút þennan
hún Guðrún mín gaf mér
Það gekk allt í spaugi í rökkrinu þá
Seinna dró gleðin'
og gamanið af mér
Ég grét eins og krakki þá hana ég sá

Vefj' að sér beykirinn
þörf var mér þá
að þurrka af mér skælurnar
klútgreyinu á
tra la la la la la la la la

67. **Ljúfa Anna**

Ljúfa Anna, láttu mig vissu fá.
Þú ein getur læknað mín hjartasár.
Í kvöld er ég sigli' á sænum
í svala, ljúfa blænum,
æ komdu þá svo blíð á brá
út í bátinn mér einum hjá

68. **Anna í hlíð**

L: Erl T: Eiríkur K Eiríks

Ég fór að smala kindum hér
kvöld eitt fram í dal.
Og kominn var ég lengst inn í bláan fjallasal.
Þá ungru mætti ég blómarós
með augun djúp á blíð
og er ég spyr að nafni hún ansar: "Anna í Hlíð".

**Anna í Hlíð, Anna í Hlíð
með augun blá svo yndisfríð
af ástarþrá ég kvalir líð.
Anna í Hlíð, Anna í Hlíð
nei engin er eins fríð**

og hún Anna mín í Hlíð.

Ég örmum vafði Önnu
svo hún andann varla dró.
Mig ástin var að kæfa
og ákaft hjartað sló.
Svo kyssti ég hennar mjúka munn
og augun djúp og blíð
og mælti milli kossa: "Anna mín í Hlíð".

**Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,
ég elska mun þig alla tíð
og örmum vegja um ár og síð.
Anna í hlíð, Anna í Hlíð,
þú ert svo ung og fríð
elsku Anna mín í Hlíð.**

69. **Kötukvæði** L: Erl, T: Sigurður Ágústsson

Það var um kvöld eitt
að Kötu ég mætti
Hún var að koma af engjunum heim
Það var í ágúst að áliðnum slætti
og nærri aldimmt á kvöldunum þeim

Hún var svo ung
eins og angandi rósir
Ég hafði aldrei séð hana fyrir
Um vanga dönsuðu lokkarnir ljósir
og augun leiftruðu þögul og kyrr

Hlýtt ég tók í hönd á Kötu
Horfði' í augun djúp og blá
gengum síðan burt af götu
geymdi okkur náttmyrkrið þá

En þegar eldaði aftur og birti
í hjarta ákafan kenndi ég sting
Og fyrir augum af angist mér syrti
hún var með einfaldan giftingarhring
hún var með einfaldan giftingarhring

70. **Þjóðsöngur Íslands** Matthías Jochumson

Ó,guð vors lands! Ó, lands vors guð!
Vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn!
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
þínir herskarar, tímanna safn.
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár
og þúsund ár dagur, ei meir:
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.
∴: Íslands þúsund ár, ∴:
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.

71. Ísland er land þitt

L: Magnús Þór, T: Margrét Jónsdóttir

Ísland er land þitt
og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér hvar sem þú ferð
Ísland er landið
sem ungan þig dreymir
Ísland í vonanna birtu þú sérð

Ísland í sumarsins
algræna skrúði
Ísland með blikandi norðljósa traf
Ísland er feðranna afrek hlúði
Ísland er foldin
sem lífið þér gaf

72. Einu sinni á ágústkvöldi

L: Jón Múli, T: Jónas Árnasynir

Einu sinni á ágústkvöldi
austur í Þingvallasveit
Gerðist í dulitlu dragi
dulítið sem enginn veit

Nema við og nokkrir þrestir
og kjarrið græna inn í Bolabás
og Ármannsfellið fagurblátt
og fannir Skjaldbreiðar
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás

Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa rökkurveg
Við saman munum geyma þetta
ljúfa leyndarmál
Landið okkar góða þú og ég

73. Maístjarnan L: Jón Ásgeirs, T: Halldór Laxn.

Ó, hve létt er þitt skóhljóð
ó, hve lengi ég beið þín
Það er vorhret á glugga
napur vindur sem hvín
En ég veit eina stjörnu
eina stjörnu sem skín
Og nú loksins ertu kominn
ertu kominn til mín

Það eru erfiðir tímar
það er atvinnuþref
Ég hef ekkert að bjóða
ekki ögn sem ég gef
Nema von mín' og líf mitt
hvort ég vak' eða sef
Þetta eitt sem þú gafst mér
það er allt sem ég hef

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns
Og á morgun skín maísól
það er maísólin hans
Það er maísólin okkar
okkar einingarbands
Fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands

74. Litla flugan L: Sigfús Halldórs, T: Sigurður Elía

Lækur tifar létt um máða steina
Lítil fluga grær við skriðufót
Bláskel liggur brotinn milli hleina
í bænum hvílir íturvaxin snót
Ef ég væri orðin lítil fluga
ég inn um gluggann
þreytti flugið mitt
Og þó ég ei til annars mætti duga
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt
Ég eflaust gæti kitlað nefið þitt

75. Kátir voru karlar

L: J. E. Jónasson T: Geir Sigurðsson

Kátir voru karlar
á kúttar Haraldí
til fiskiveiða fóru
frá Akranesi
Og allir komu þeir aftur
og enginn þeirra dó
Af ánægju út að eyrum
hver einasta kerling hló
Hún hló, hún hló, hún skelli,skellihló
Hún hló, hún hló, hún skelli,skellihló
La, la, la....

76. Að lífið sé skjálfandi lítið gras

L: Erl, T: Dr. Sigurður Þórarinnsson

Að lífið sé skjálfandi lítið gras
má lesa í kvæði eftir Matthías
en allir vita hver örlög fær
sú urt, sem hvergi í vætu nær

**Mikið lifandi skelfingar ósköp
er gaman að vera svolítið hifaður**

Það sámir mér ekki sem Íslending'
að efast um þjóðskáldsins staðhæfing
en skrælna úr þurrki ég víst ei vil
og vökva því lífsblómið af og til

Mikið lifandi skelfingar...

Nú þekkest sú skoðun og þykir fín

að þetta vort jarðlíf sé ekkert grín
menn eigi að lifa hér ósköp trist
að öðlast í himninum sæluvist

Mikið lifandi skelfingar...

En ég verð að telja það tryggara
að taka út forskot á sæluna
Því fyrir því gefst ekkert garaní
að hjá Guði ég komist á fylleri

Mikið lifandi skelfingar...

77. Fram í heiðanna ró

L: Erl T: Friðrik Friðriks

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó
þar sem birkið og fjalldrapinn grær
Þar er vistin mér góð
aldrei heyrst þar hnjóð
þar er himininn víður og tær

Heiðarbóli ég bý
þar sem birkið
og fjalldrapinn grær
Þar er vistin mér góð
aldrei heyrst þar hnjóð
þar er himininn víður og tær

Mörg hin steinhljóðu kvöld
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað í spyrjandi þrá
Mundi dýrðin í geim'
bera af dásemdum þeim
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Heiðarbóli ég bý...

Þetta loft er svo tært
Finnið þytmjúkan þey
Hve hann þyrlar upp angan úr mó
Nei, ég vildi ekki borg
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró

Heiðarbóli ég bý...

78. Játning L: Sigfús Halldórs, T: Tómas Guðmund

Enn birtist mér í draumi
sem dýrlegt ævintýr
hver dagur, sem ég lifði í návist þinni
Svo morgunbjört og fögur
í mínum huga býr

hver minning um vor
sumarstuttu kynni

Og ástarljóð til þín
verður ævikveðja mín
er innan stundar
lýkur göngu minni
Þá birtist mér í draumi
sem dýrlegt ævintýr
hver dagur, sem ég lifði
í návist þinni

79. Komdu inn í kofann minn

L: Erl, T: Davíðs Stefáns frá Fagraskógi

Komdu inn í kofann minn
er kvölda' og skyggja fer
Þig skal aldrei iðra þess
að eyða nótt hjá mér
við ævintýraeldana
er ýmislegt að sjá
og glaður skal ég gefa þér
allt gullið sem ég á

Tíu dúka tyrkneska
og töfraspegla þrjá
nú skip frá Noregi
og naut frá Spánía

austurlenskan aldingarð
og íslenskt höfuðból
átta gráa gæðinga
og gylltan burðarstól

Fjaðraveifu fannhvíta
og franskan silkikjól
eyrnahringi, ennisspöng
og alabastursskrín
hundrað föt úr filabeini
full með þrúguvín
og lampa þann, sem logaði
og lýsti Aladdín

Komdu inn í kofann minn
er kvölda' og skyggja fer
Alltaf brennur eldurinn
á arninum hjá mér
Ég gleymdi einni gjöfinni
og gettu, hver hún er
Ég gleymdi bestu gjöfinni
ég gleymdi sjálfum mér

80. Kveikjum eld

L: Oddgeir Kristjáns, T: Árni úr eyjum
 Kveikjum eld, kveikjum eld
 kátt hann brennur
 Sérhvert kveld, sérhvert kveld
 syngjum dátt

Örar blóð, örar blóð
 um æðar rennur
 Blikar glóð, blikar glóð
 brestur hátt

**Hæ, bálið brennur
 bjarma á kinnar slær
 Að logum leikur
 ljúfasti aftanblær**

Kveikjum eld, kveikjum eld
 kátt hann brennur
 Sérhvert kveld, sérhvert kveld
 syngjum dátt

81. Lóan er komin L: Erl, T: Páll Ólafs

Lóan er komin að kveða burt snjóinn
 að kveða burt leiðindin, það getur hún
 Hún hefur sagt mér
 að senn komi spóinn
 sólskin í dali og blómstur í tún
 Hún hefur sagt mér
 til syndanna minna
 ég sofi og mikið og vinni ekki hót
 Hún hefur sagt mér að vaka og vinna
 og vonglaður taka nú sumrinu mót

82. Tóta gefur góða kossa Daddi og Birna[©]
 (ef Gæsamamman er viðlátin þá syngur hún erindið í
 einsöng!! ©)

Þarna tifar Tóta, tekur á milli fóta
 Eina alin létta, yfir grundir sléttar
 Og gott eiga þær grundir að gægjast þar upp undir
 Ég vild' ég væri alinn í einu skrefi falinn

**Tóta gefur góða kossa það get ég sjálfur borið um
 Hleypur allt í bál og blossa
 ég bað hennar á árunum
 Ég bað hennar á báðum hjánum
 ég bað hana að giftast mér strax
 Eiga með mér börn og bú
 og sjóða fyrir mig lax – hey!
 Tóta bara hló og hló og hló
 hló og kyssti mig
 farðu eitthvert annað þú færð aldrei mig**

83. Ó, Jósep, Jósep L: Erl, T: Skafti Sigþórs

Ó, Jósep, Jósep, bágt á ég að bíða
 og bráðum hvarma mína fylla tár
 því fyrr en varir æskuárin líða
 og ellin kemur með sín gráu hár
 Ég spyr þig, Jósep
 hvar er karlmannslundin
 og kjarkur sá
 er prýðir hraustan mann
 Hvenær má ég klerkinn panta
 -kjarkinn má ei vanta-
 Jósep, Jósep, nefndu daginn þann

84. Blátt lítið blóm eitt er

L: Erl, T: Steingrímur Thorsteinsson
 Blátt lítið blóm eitt er,
 ber nafnið "Gleymdu ei mér"
 Væri ég fleygur fugl,
 flygi ég til þín.
 Svo mína sálu nú
 sigraða hefur þú,
 engu ég una má, öðru en þér

85. Ég sá hana fyrst L: Erl, T: Ási í bæ

Ég sá hana fyrst í sumar, sem leið,
 í síldinni norður á Siglufirði.
 Og þar var nú kysst og kelað um leið
 og hvíslað í eyra ljúflingsyrði.

En eins og bannsett síldin brellin stelpa var
 burtu flogin var hún fyrr en fyrstu Lóurnar.
 Og svo fékk ég bréf og síðan ég hef
 setið sem pabbi í öngum mínum

86. Nú liggur vel á mér

L: Óðinn Þórarins, T: Númi Þorbergs

Stína var lítil stúlka í sveit
 stækkaði óðum blómleg og heit
 Hún fór að vinna, varð margt að gera
 lærði að spinna, látum það vera
 Svo var hún úti sumar og haust
 svona var lífið, strit endalaust
 Samt gat hún Stína söngvana sína
 sungið með hárra raust

**Nú liggur vel á mér
 nú liggur vel á mér
 gott er að vera léttur í lund X2
 lofa skal hverja ánægjustund**

Gaman fannst Stínu
 að glettast við pilt
 gaf hún þeim auga, var oftast stillt

Svo sá hún Stjána, það vakti þrána
hann kom á Grána út yfir ána
Sæl var hún Stína saklaus og hraust
svo fór hann burtu
koldimmt um haust
Samt gat hún Stína söngvana sína
sungið með hárra raust

Nú liggur vel á mér...

87. Vor í Vaglaskógi

L: Jónas Jónasson, T: Kristján frá Djúpalæk

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg.
Við skulum tjalda í grænum berjamó
Leiddu mig vinur í lundinn frá í gær.
Lindin þar niðar og birkihríslan grær.

Leikur í ljósum, lokkum og angandi rós um leikur í ljósum, lokkum hinn vaggandi blæ.

Daggperlur glitra um dalinn færast ró
draumar þess rætast er gistir Vaglaskóg.
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær.
Kyrrðin er friðandi mild og angurvær.

Leikur í ljósum, lokkum....

88. Ég er kominn heim L. Erl. T: Jón Sigurðs

Er völlum grær og vetur flýr
og vermir sólin grund.
Kem ég heim og hitti þig,
verð hjá þér alla stund.

Við byggjum saman bæ í sveit
sem blasir móti sól.
Þar ungu lífi landið mitt
mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já, ég er kominn heim.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.

89. Heyr mína bæn

L: Ítalskst Eurovison, T: Ólafur Gaukur

Heyr mína bæn, mildasti blær.
Berðu kveðju mína' yfir höf.
Syngdu honum saknaðarljóð.
Vanga hans blítt vermir þú sól
vörum júkum, kysstu hans brá.
Ástarorð hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðalag
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.
Blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa saman tvö ein.
Heyr mína bænir og þrær.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðalag...

Heyr mína bæn, bára við strönd (2.erindi)

90. Rósin L: Friðrik Jónsson, T: Guðmundur Halldórs

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós.
Þráir lífsins vængjavíddir
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósin mín.
Er kristalstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.
Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.
Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósín mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín. X2

91. Söngurinn um lífið

L: Erlent, T: Þorsteinn Eggertsson

Í öðrum hverjum söng sem nú er sunginn
er tóm svarsýnisraus
og textaskáldin sýnast mörg sorgum þrúningin,
já, langt upp fyrir haus.
En ég vil heldur syngj' um björtu hliðarnar
á ævinnar braut.
Ég er ánægður ef ég á söng í hjartanu
og saltkorn í minn graut.

Já, syngjum um lífið

og lofum það líka.

Þó að peningana skorti getur

hamingjan oft gert menn æði ríka.

Það er nógur tími til að hugs' um

dauðann eftir dauðann.

Njóttu lífsins meðan kostur er.

Ég syng bar' um lífið

og syngdu með mér.

Þó að jarðskjálftar, eldgos, frost og fárviðri
sé' fréttæfni.

þá er fegurðin og ástin - já, og sólskinið

hið rétta efni

sem er þess virð' að það sé leitað

uppi og notið sé vel,

því að bjartsýni, bros og gleð' í sálinni

er best, að ég tel.

Já, syngjum um lífið.....

Ef leiðist þér að hlust' á nöldur

um fátækt og púl,

má alltaf grafa upp lukkusöngva sungna

af Rúnari Júl.

Og Bbef þú vilt fá - skammt af ánægju, gleði
og hamingjuvon,
þá ættirðu að hlust' á texta eftir hann
Þorstein Eggertsson.

Hann semur um lífið.....

92. Sem lindin tær L: Óþekkt, T: Bjarki Árnason

Ó hve gott á lítil lind,
leika frjálts um hlíð og dal,
líða áfram létt sem hind,
líta alltaf nýja mynd.

Hvísla ljóð' að grænni grein,
glettast ögn við lítil blóm,
lauma koss' á kaldan stein,
kastast áfram tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú
og vakað gæti bæði daga og nætur,
þá skyldi öllu kveða óð um unað, ást og trú
sem aldrei bregst en hugga lætur. **7**
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

Hvísla ljóð' að grænni grein,
glettast ögn við lítil blóm,
lauma koss' á kaldan stein,
kastast áfram tær og hrein.

Ég vildi að ég væri eins og þú
og vakað gæti bæði daga og nætur,
þá skyldi öllu kveða óð um unað, ást og trú
sem aldrei bregst en hugga lætur.
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

93. **Ríðum sem fjandinn**

S-afrískt þjóðlag, T: Sigurður Þórarinnsson

Ríðum og ríðum og rekum yfir sandinn,
ríðum sem fjandinn
sláum í gandinn
svo að skemmtir sér landinn.

Ríðum og ríðum og rekum yfir sandinn,
ríðum sem fjandinn
sláum í gandinn
þetta er stórkostleg reið.

Glóð er enn í öskunni
og flatbrauðsneið í töskunni
lögg er enn í flöskunni
við komum öskufullir heim.

94. **Traustur vinur** Jóhann G. Jóhannsson

Enginn veit, fyrr en reynir á
Hvort vini, áttu þá
Fyrirheit, gleymast samt furðu fljótt
Þegar skellur á miðdimm nótt

Já sagt er að þegar á könnunni ölið er
Fljótt þá vinurinn fer
Því segi ég það, ef þú átt vin í raun
Fyrir þína hönd, Guði sé laun

Því stundum verður mönnum á
Styrka hönd þeir þurfa þá
Þegar lífið allt í einu
sýnist einskis vert
Gott er að geta talað við
Einhvern sem að skilur þig
Traustur vinur getur gert kraftaverk

Mér varð á og þungan dóm ég hlaut
Ég villtist af réttri braut
Því segi ég það, ef þú átt vin í raun
Fyrir þína hönd Guði sé laun

95. **Endurfundir** Sigfús E. Arnþórsson

Ég hef saknað þín svo mikið frá því síðast er ég
sá þig
og ég þorði ekki að segja hvað bjó í hjarta mér.
En ég get ei lengur þagað er ég horfi svona
á þig
því loksins hef ég skilið hvað ástarsæla er.

Því í hvert sinn er ég sé þig er eins og birti yfir
öllu.
Það sem áður var svo venjulegt það breytir allt
um svip.

Gráir hversdagslegir dagar sem mig áður
kvöld' af leiða,
þeir fyllast nýjum ljóma í sérhvert sinn er ég sé
þig.

**Ó vertu alltaf hjá mér, þú mátt aldrei fara frá
mér.**

**Ég skal vera þér eins góður og ég mögulega
get.
Því ég elska þig svo mikið að ég gæti næstum
dáið
fyrir aðeins þessa einu nótt í faðmi þér.**

Í hvert sinn er ég sé þig er eins og birti yfir öllu.
Það sem áður var svo venjulegt það breytir allt
um svip.

Gráir hversdagslegir dagar sem mig áður
kvöld' af leiða,
þeir fyllast nýjum ljóma í sérhvert sinn er ég sé
þig.

Ó vertu alltaf hjá mér.... x 2

96. **Lítill drengur**

L: Magnús Kjartans, T: Villi Vill

Óðum steðjar að sá dagur
afmælið þitt kemur enn
Lítill drengur, ljós og fagur
lífsins skilning öðlast senn
Vildi ég að alltaf yrðir
við áhyggjurnar laus sem nú
en allt fer hér á eina veginn
Í átt til foldar mjakast þú

Ég vildi geta verið hjá þér
veslings barnið mitt
Umlukt þig með örmum mínum
Unir hver við sitt
Oft ég hugsa auðmjúkt til þín
einkum þegar húmar að
Eins þótt fari óravegu
átt þú mér í hjartastað

**Man ég munað slíkan
er morgunn rann
með daglegt stress
að ljúfur drengur lagði á sig
lítið ferðalag til þess
að koma í holu hlýja
höfgum pabba sínum hjá
Kúra sig í kotið hálsa
kærleiksorðin þurfti fá**

Einka þér til eftirbreytni
 alla betri menn en mig
 Erfiðleikar að þó steðji
 alltaf skaltu vara þig
 Að færast ekki í fang svo mikið
 að festu þinnar brotni tré
 Allt hið góða í heimi haldi
 í hönd á þér og með þér sé

Man ég munað slíkan...

97. **Söknuður** L: Jóhann Helga, T: Villi Vill

Mér finnst ég varla
 heill né hálfur maður
 og heldur óásjálfbjarga því er verr
 Ef værir þú hjá mér vildi ég glaður
 verða betri en ég er

**Eitt sinn verða allir menn að deyja
 eftir bjartan daginn kemur nótt
 Ég harma það,
 en samt ég verð að segja
 að sumarið líður allt of fljótt**

Við gætum sungið, gengið um
 gleymt okkur með blómumum
 Er rökkvar ráðið stjörnumál
 Gengið saman hönd í hönd
 hæglát farið niðr' að strönd
 Fundið stað, sameinað beggja sál

Horfið er nú sumarið og sólin
 í sálu minni hefur gríma völd
 Í æsku léttu ís og myrkur jólin
 nú einn ég sit um vetrarkvöld

Eitt sinn verða allir menn...

Ég gái út um gluggan minn
 hvort gangir þú um hliðið inn
 Mér alltaf sýnist ég sjái þig
 Ég rýni út um rifurnar
 Ég reyndar sé þig alls staðar
 Þá napurt er, það næðir hér
 og nístir mig

98. **Þú átt mig ein** L: Magnús Þór, T: Villi Vill

Þú átt mig ein sú ást er hrein
 Og ég vil að þú vitir það nú
 þú verður mér trú um öll mín ár

Ó mundu mig er mæðir þig
 Hve lengi er tíminn að líða
 Og langt er að bíða uns ég kem heim

Það er svo einfalt ég eiga vil þig einn
 Og segðu ekki að ég sé
 Aðeins of seinn að sjá það
 Að þetta sé ekki til neins
 ég bið að bólið sé hlýtt er ég birtist og stend þér
 við hlið

Það er svo einfalt.....

Sú bæn er mín ég bið til þín
 Að þú efist ekki um þessi orð
 Er ég skrifa um borð ég hugsa heim
 Til þín ástin mín

99. **Bíddu pabbi** Erlent lag, T: Iðunn Steinsdóttir

Í hinna sinn að heiman lágu spor mín,
 Því ég hamingjuna fann ei lengur þar.
 Og hratt ég gekk í fyrstu, uns ég heyrði
 fótatak
 Og háum rómi kallað til mín var, kallað:

**Bíddu pabbi, bíddu mín,
 Bíddu, því ég kem til þín.
 Æ, ég hljóp svo hratt,
 að ég hrasaði og datt.
 Bíddu pabbi, bíddu mín.**

Ég staðar nam og starði á dóttur mína,
 Er þar stautaði til mín svo hýr á brá,
 Og mig skorti kjark til að segja henni,
 að bíllin biði mín að bera mig
 um langveg henni frá. Hún sagði:

Bíddu pabbi, bíddu mín.....

Ráðvilltur ég stóð um stund og þagði,
 En af stað svo lagði aftur heim á leið.

Ég vissi að litla dóttir mín
 hún myndi hjálpa mér
 Að mæta vanda þeim
 sem heima beið. Hún sagði:

Bíddu pabbi, bíddu mín.....

100. Riddari götunnar L: Bó, T: Laddi

Rennur af stað ungi riddarinn
rykið það þyrlast um slóð.
Hondan hans nýja er fákurinn
hjálmurinn glitrar sem glóð.

Tryllir og tætir upp malbikið,
titrar og skelfur allt hér.
Reykmettað loftið þá vitið þið
er riddari götunnar fer.

**Ég hef alltaf verið veik fyrir svona strák
sem geysist um á móturfák
og hræðist ekki neitt.**

Aftan á hjóli hans situr snót,
sú sem hann elskar í dag.
Sýna þau hvort öðru blíðuhót
og svífa inn í kvöldsólarlag.

Ég hef alltaf verið veik fyrir svona strák....

101. Vertu ekki að plata mig

Bó, T: Bó og Laddi

Ég sá hana í horninu á Mánabar
Hún minnti mig á Brendu Lee
Ég skellti krónu í djúkboxið
Og hækkaði vel í því
Hún þagði bara og lakkaði á sér neglurnar
Og þóttist ekki taka eftir mér
Í hægðum mínum labbaði að borðinu
Og sagði hátt

Komdu með, ég bið þig

Komdu með, ég vil þig

Ég vona að þú segir ekki nei við mig

Því trúðu mér, ég dáí þig

Það eina sem skiptir máli, ert þú og ég

Vertu ekki að plata mig,

Þú ert bara að nota mig

Ég er ekki eins og allar stelpurnar

Sem hoppa upp í bíla, með hverjum sem er.

Ó, trúðu mér, ég er ekki að plata þig
Kæra vina viltu treysta mér,
Aðeins stjörnurnar á himnum
Vita hvað í mínu hjarta býr,
Ég myndi gera allt í veröldinni, fyrir þig
Ef þú aðeins vildir fylgja mér
Á drekanum við rennum niðri bæ,
Í fjórðagír

Komdu með, ég bið þig.....

102. Ég fann þig

L: Erl., T: Jón Sigurðsson

Ég hef allt líf mitt leitað að þér
leitað og spurt, sértu þar eða hér
því ég trúði að til væri þú,
trúði og ég á þig nú.

**Loksins ég fann þig líka þú sást mig
ljóminn úr brúnu augunum skein
haltu mér fast í hjarta þér veistu
að hjá mér er aðeins þú ein**

Sá ég þig fyrst um sólgullið kvöld
sá þig og fann að hjá mér tókstu völd
því hjá þér ég hvíld finn og frið
ferð mín er bundin þig við

**Loksins ég fann þig líka þú sást mig
ljóminn úr brúnu augunum skein
haltu mér fast í hjarta þér veistu
að hjá mér er aðeins þú ein**

Loksins ég fann þig líka þú sást mig
ljóminn úr brúnu augunum skein
haltu mér fast í hjarta þér veistu
að hjá mér er aðeins þú ein

103. Þórður

Sverrir Stormsker

Hve sárt ég sakna þín,
ég sit við legstein þinn
og hugsá' um horfna tíð,
hjartans vinur minn.

Sú sannreynd sturlar mig
að við sjáumst aldrei meir
Þú gafst mér nýja sál,
sál sem eitt sinn deyr.

**Ó, hve ár var dauði þinn
þú varst eini vinur minn
einn ég stari' í sortann inn
með sorgardögg á kinn**

Hve leið og laus við svör,
er lífsins gönguför
við leyndardómsins dyr,
deyja mennirnir.

Ó, hve sár var dauði þinn..... x2

104. Nína og Geiri

L: Erl., T: Jón Sigurðsson

**Ef þú vilt bíða eftir mér,
á ég margt að gefa þér.**

Alla mína kossa ást og trú.

Engin fær það nema þú.

Nína átti heima á næsta bæ.
Ég næstum það ekk skilið fæ.
Hún var eftir mér alveg óð.
Ég fékk bréf og í því stóð.

Ef þú vilt bíða eftir mér....

Ég las það og þaut svo strax af stað.
Mér stóð ekki á sama ég segi það.
En Nína grét og gekk mér frá.
Hún gat ei skilið sem ég sagði þá.

Nína góða, gráttu ei.
Gleymdu mér ég segi nei.
Þú ert enn of ung góða mín.
Og ég get alls ekki beðið þín.

Til Reykjavíkur lá mín leið.
Langan tíma þar ég beið.
Ég alltaf reyndi en illa gekk.
Að gleyma bréfinu sem ég fékk.

Ef þú vilt bíða eftir mér....

Ég vissi að aldrei fengi ég frið.
Fyrr en Nínu ég sættist við.
Hugurinn stöðugt hjá henni er.
Hún skal víst fá að giftast mér.

Ég ók í skyndi upp í sveit.
Æskustöðvarnar mínar leit.
En Nína leit mig ekki á.
Ég enn ei skil það sem hún sagði þá.

Geiri elskan, gráttu ei.
Gleymdu mér, ég segi nei.
Þú vildir mig ekki veslings flón.
Því varð ég að eiga hann vin þinn Jón

105. Danska lagið Eyjólfur Kristjánsson

Manstu fyrir langa löngu?

Við sátum saman í skólastofu.

Ég dáði þig en þú tókst ekki eftir mér,
ekki frekar en ég væri krækiber.

Þú varst alltaf best í dönsku,
það fyllti hinar stelpurnar vonsku,
þegar kennarinn kallaði á þig til sín
og lét þig syngja á dönsku fyrir okkur hin.

Ó, ég mun aldrei gleyma,
hve fallega þú söngst, þú söngst:

"Der bor en bager på Nørregade.

**Han bager kringler og julekage.
Han bager store, han bager små
han bager nogle med sukker på
og i hans vindu' er sukker sager
og heste grise og peberkager
og har du penge så kan du få
men har du ingen så kan du gå**

Og svo mörgum árum seinna,
þá lágu leiðir okkar beggja
til útlanda þar sem fórum við í háskóla
við lærðum söng og héldum saman tónleika.
Og eina stjörnu bjarta kvöldstund,
ég kraup á kné, ó, hve nett var þín hönd,
þú sagðir: "Já", kysstir mig og nú erum við hjón
og eigum litla Gunnu og lítinn Jón.
en ég mun aldrei gleyma,
hve fallega þú söngst, þú söngst:

"Der bor en bager på Nørregade....."

106. Alls staðar er fólk

Sverrir Stormsker

Hve hátíðlegt er heimsins slekt
heimskt og leiðitamt.
Svo gáfnatregt og lúalegt
svo lúmskt og íhaldssamt.

Mjög er normalt mannfólkið og mett af bábiljum.
Svo þungbúið er þetta lið
og þröngsýnt með afbrigðum.

**Samt er nákvæmlega sama hvert ég fer,
já sama hvar ég er, alls staðar er fólk
Hvar í veröldinni, hvar í heimi hér
ei mannlaus staður er, alls staðar er fólk
Það þarf alltaf einhver fjandi að vera á ferð
upp á öræfum, í óbyggðum, í frumskógum
og alls staðar er fólk**

Fúlmennska og fáfræði
fordómar og heift.

Og siðprýði og sljóleiki
í sálu fólks er greypt.

Já mannfólkið er lygilegt
lygið fast og bælt.
Svo ári tregt og alvarlegt
svo öfundsjúkt og spælt.

Samt er nákvæmlega sama hvert ég fer....

107. Syndir holdsins/Lifi ljósið

L: Erl. T: Davíð Þór Jónsson

Við horfum
hér hvert á annað hungursaugum
í vetrarfrökkunum og fljótum
innan um ilmvatnsprufur
sofandi að feigðarósi
Við erum öll í feluleik
föst í okkar lygavef
sem að upphefur eymdina

Eitthvað er einhversstaðar mikilfenglegt
En enginn veit hvað býður okkar
því set ég traust mitt
á tækni og kvikmyndir
svo þögnin ekki segi mér
sannleikann, sannleikann
Manchester, England England
Manchester, England England
aldrei leit ég þig
ég er mjög vel að Guði gerður
og ég trúí að hann og ég trúí að hann
trúí á manninn mig á mig á mig
(í gegnum rökkrið)

1. erindi aftur

Syngjum, spilum á
köngulóarvefscítar
Lífið er inn í þér og um þig
veraldarfallsspámenn lifi ljósið

Lifi ljósið, lifi ljósið hér og lýsi þér

108. **Nákvæmlega(fögur og flott)** L.

Gunnar Óla og Addi Fannar, T: Skítamóral

Na na.....

Nóttin björt,

kyrrðin gagntekur mig fljótt

Sumarnótt, kynjaverur klóra mig

horfa á þig, aftur sé ég takmarkið

lifnar við, hugsunin um mig og þig,

mig og þig

Fögur og flott,**ég veit þig langar til að****Finnst það svo gott****að geta friðað hugann þinn**

Bundin föst, þú sem virðist ekki sjá
 hvernig þá get ég hjart' og huga tjáð
 Engum háð, tækifærið gæfi mitt
 hjarta þitt er það eina sem ég vil
 eina sem ég

Fögur og flott.... Na na na... Fögur og...109. **Áhyggjulaus** Hreimur

Við höldum áfram eftir okkar leið

á okkar vegi

Ekkert sortnar, ekkert skugga fellur í

En dag frá degi lifum lífi þótt þögnin segi

Ekki brotna niður

Samt held ég áfram ég er ósæranleg sál

ég get ei grátið eins og þú

Samt höldumst saman

verðum aldrei nánari en nú

Ekki brotna niður

Sjáðu bara mig, ég stend á eigin fótum**Áhyggjulaus yfir því sem koma skal****Horfðu bara á mig****ég flýg á mínum vængjum****yfir þér, yfir þér**

Þú getur grátið, haltu áfram og fyrir engum

skaltu lúta eða lifa öðru lífi fyrir þig

Því dag frá degi lifum lífi og þögnin segi

Ekki brotna niður

Sjáðu bara mig.....

Við getum gert allt svo miklu betur
 en allir hinir

Við getum gert allt hér svo vel

Við getum lifað svo miklu lengur

*en allir hinir, sjáðu hér***Sjáðu bara mig.....**110. **Rangur maður** Jónas Sig

Af hverju get ég ekki

lifað eðlilegu lífi

Af hverju get ég ekki

lifað business lífi

keypt mér húsbíl og íbúð

Af hverju get ég ekki

gengið menntavegin

þangað til að ég æli

Af hverju get ég ekki

gert neitt af viti

af hverju fæddist ég looser

**Ég er rangur maður á röngum tíma
 í vitlausu húsi x2**

Af hverju er lífið svona ömurlegt

ætli það sé skárri í Zimbawe

Af hverju var ég fullur á virkum degi

af hverju mætti ég ekki í tíma

Af hverju get ég ekki

byrjað í íþróttum

og hlaupið um eins og asni

Af hverju get ég ekki

verið jafn hamingjusamur

og Sigga og Grétar í Stjórninni

Ég er rangur maður.....111. **Búkolla** Laddi

Karl og kerling í sínu koti,

kúrðu og áttu einn svein, hann Hrein.

Beljuhró geymd í fjósabroti

Búkolla og hún bjó ein.

Svo einn daginn var horfin kusa

Og ekkert til hennar sést, né frést.

Þá var Hreinn sendur út að hnusa

harður og til í flest.

Deó (deó) deó (deó)**Baulaðu Búkolla ef þú heyrir****Deó (deó) deó (deó)****En ekkert heyrðist hann áfram lengra hélt.**

Þegar hann hafði gengið lengi

með hælssæri komin var og mar.

Aumar iljar og sára strengi

Og stóð varla í lappirnar.
Ef hann fyndi ekki kusu í hveli
og kæmi óðara þeim strax heim.
Fengi hann ráðningu og rassskelli
og rekinn burt frá þeim.

Deó (deó) deó (deó).....

Baulaðu Búkolla ef þú heyrir

Deó (deó) deó (deó)

Baulaðu strax ef þú heyrir bofs í mér

Þá er baulað úr háu bjargi
þar Búkolla er bundin við grjót, með fót.
Litlu innar á loðnu fargi
liggur skessa ein ljót.
Strákur kemst síðan út með belju
og stíkar í áttina heim, beint heim.
En skessan vaknar og sýpur hveljur.
„Svei ég skal ná þeim tveim“.

Hæ hó. Korr í ró.

Ég skal ná ykkur skrattakollar

Hæ hó. Korr í ró.

Það þýðir ekkert að sitja og drolla.

Deó (deó) deó (deó)

Deó (deó) deó (deó)

112. Sólstrandargæi Jónas Sig

Ég var að moka steypu
Alveg helvítis hellings steypu
Og þá kom verkstjórinn til mín
Hann sagði: Hei, Kalli það er komið kaffi, alveg
helvítis helling kaffi
Nýbrennt og malað beint frá Brasilú

Og þá sagði ég: Ég heiti ekki

Ég var að byggja hús úr mykju
Alveg helvítis hellings mykju
þá kom höfðinginn til mín og sagði
Hey apú þú verður að byggja reyk háf
Alveg helvítis hellings reyk háf
Þú veist að konur eru fyrir menn með stóra
reykháfa

Og þá sagði ég: Ég heiti ekki....

Ég var að slátra belju, alveg helvítis hellings belju

Þá kom galdramaðurinn til mín
Sagði: Hey, þú verður að borga skattinn
Galdrakarlarlaskrattinn
Þú veist að máltækið segir two for you
Og þá sagði ég: Ég heiti ekki....

113. Pabbi þarf að vinna Bragi Valdi

Ekki fara að gráta vinur minn
Ekki fara að gráta litla skinn
Þó pabbi þurfi að vinna þá getur þú sofið rótt

Ekki fara vola vina mín
Ekki skæla eins og mamma þín
Þó pabbi þurfi að vinna
Pabbi þurfi að vinna í nótt

Hann þarf að hitta mennina x 2
Og fara aðeins með þeim niðr í bæ
Pabbi þarf að vinna í nótt

Hættu nú að kjögra í koddann þinn
Já farðu nú að sofa í hausinn þinn
Þó mamma skelli hurðum þá getur þú sofið rótt

Þó mamma ykkar sé sem þrumuský
Er óþarfi að gera mál úr því
Þó pabbi þurfi að vinna
pabbi þurfi að vinna í nótt

Hann þarf að hitta mennina x 2.....

114. Allt fyrir mig Bragi Valdimar

Ég leitað hafði langa hríð
Um landið allt í erg og gríð
Að konu við mitt hæfi raunar alla ævi

En það bar engan árangur
Ég var örmagna og sársvangur
Ég komin var að þrotum og að niðurlotum

Þá birtist hún með brúðarslör og bros á vör
Hún lofaði að annast mig
ef ég gengi að eiga sig

Hún þurrkar af og þrífur
er ég þreyttur er og stífur
Allt fyrir mig
Hún ræstir og hún þvær
Hún ryksugar og hlær
Allt fyrir mig

Við giftum okkur eins og skot
Við innréttuðum lítið kot

Og hlóðum niður börnum
Í nokkrum góðum törnum

Hún verður ekki af þrifum þreytt
Nú þarf ég ekki að gera neitt
Feminískar beljur súpa sjálfsagt kveljur

Því konum ber að bölvla því
að baka og stoppa í
En ástin mín og elskar það
og að láta renna í það

Hún þurrkar af og.....

Hún þurrkar af og þrífur
Er ég þreyttur er og stífur
Allt fyrir mig
Hún strýkur úr mér stressið
Og hún straujar á mig dressið
Allt fyrir mig
Allt fyrir mig

115. Mamma þarf að djamma

Bragi Valdimar

Mamma er enn í eldhúsinu, úh, úh, uppgefin á
þessu og hinu, úh, úh, teygir sig
í kampavínið, kælir það í drasl á klaka setur
vandamálin, áhyggjur og basl.

Spyrðir sig í sparigallann, úh, úh, ú
sparslar fésið, reyrir mallann,úh,úh Mamma
þyrfti að sofna því mamma er svo þreytt
en mamma landar engum þorskum sofi hún út í
eitt.

Mamma, mamma ætlar að djamma fá sér
nýjan vin.
Mamma, mamma ætlar að djamma
elsku kerlingin.

Svo ljúfsárt getur lífið verið, úh, úh, hún losar sig við
krakkagerið, úh, úh
Rauðum vörum litar glasið
lakkar tásurnar
lyftir barmi þarf að toppa hinar pjásurnar.

Af lymsku skal nú lagt á ráðin, úh, Hvar leynist skársta
næturbraðin? Úh
Stundum er hún heppin en oftast fer allt í fokk
Þá fer hún heim með öskupöddufullann
drullusokk.

Mamma, mamma ætlar að djamma
til í tuskið er.

Mamma, mamma ætlar að djamma ein
með sjálfri sér.

Fengitíminn löngu liðinn, úh, úh, úh,
lokametrinn skal þó skriðinn, úh, úh,
Þó óbeislaðar gamlar merar ættu að brokka heim,
það eru engir prinsar eftir til að brynna þeim.

Mamma, mamma ætlar að djamma
hún á engan mann.
Mamma, mamma ætlar að djamma
það eina sem hún kann.

Múttu, múttu ætlar að tjúttu
elsku kerlingin.
Múttu, múttu ætlar að tjúttu
og finna í þetta sinn
nýja pabbann þinn.

116. Leiðin okkar allra

L: Þorsteinn Einarsson, T: Einar Georg Einarsson

Ég ætla mér, út að halda

Örlögin valda því.

Mörgum á ég, greiða að gjalda

Það er gömul saga og ný.

Guð einn veit, hvert leið mín liggur

Lífið svo flókið er.

Oft ég er, í hjarta hryggur

En ég harka samt af mér.

Eitt lítið knús, elsku mamma

Áður en ég fer.

Nú er ég kominn til að kveðja

Ég kem aldrei framár hér.

Er mánaljósið, fegrar fjöllin

Ég feta veginn minn.

Dyrnar opnar drauma höllin

Og dregur mig þar inn

Ég þakkir sendi, sendi öllum

Þetta er kveðja mín

Ég mun ganga á þessum vegi

Uns lífsins dagur dvín

Ég mun ganga á þessum vegi

Uns lífsins dagur dvín

117. Ljósvíkingur Mugison

Víst geng ég þennan dimma dal senn aðrir um
svartari sal
ég geng ekki einn.

Veit hver einn og einasti einstaklingur
fæðist hér sem ljósvíkingur
ég geng ekki einn.

Hörmungar og vantrú
Drottinn hvar ert þú?
Ég geng ekki einn.

vildi samt óska að ég væri meira vakandi
og viðurkenni vel að stundum er ég sofandi
og geng aleinn.

Ég trúi því að allir hafi kraft
og geti áhrif haft
ég geng ekki einn.

ég bið náungann að vaka yfir mér
allir eru ljósvíkingar í hjarta sér
ég geng ekki einn.

Hörmungar og vantrú
Drottinn hvar ert þú?
Ég geng ekki einn.

118. Í síðasta skipi

L: Sæþór Kristjáns, Pálmi Ragnar og Ásgeir Orri. T: Þeir+Friðrik Dó

Ég man það svo vel
Manstu það hvernig ég sveiflaði þér
Fram og tilbaka í örmunum á mér
Ég man það, ég man það svo vel

Því þessar minningar, minningar kvelja mig,
kvelja mig
Gerðu það, leyf mér að leiða þig

Í síðasta skipti

Haltu í höndina á mér og ekki sleppa
Sýndu mér aftur hvað er að elska
Og o-o-o-o
Segðu mér
Að þú finnur ekkert og enga neista
Og slokknað í þeim glóðum sem brunnu
heitast
Þá rata ég út

Ég man það svo vel
Manstu það hvernig þú söngst alltaf með
Hver einasta bílferð sem tónleikar með þér
Ég man það, ég man það svo vel

Því þessar minningar, minningar kvelja....

Í síðasta skipti

Haltu í höndina á mér og ekki....

119. Allur lurkum laminn

Hilmar Oddsson

Allur lurkum laminn geng ég leiður heim til mín,
nóg er komið næturgaman
Allur blár og marinn geng ég barinn ástin mín,
nauð að þurfa sofa saman

Aftur er svekktur

út í tilveruna þar á meðal þig

Aftur er beiskur

Hvað á að gera við ræfla eins og mig

Annað glóðarauga eitt tvö spor í munnvikin
Klessukeyrði mótörhjólíð
Eyra illa rífið eitt, tvö högg á nefbroddinn
Alltaf sama vandamálið

Aftur einn svekktur....

Vissulega vafrað'ég í vondum félagsskap
Svo ég skammast mín, ég skammast mín
Ó, hvað er að bera mig burtu frá þér

Vina burt frá þér
 Samt sem áður grunaði mig og gettu hvað það er
 Að ég elski þig, ég elska þig
 Ó, bara að ég rataði aftur til þín
 Vina heim til mín

Allur lurkum laminn labbar
 leiður nóttinni í
 Nóg er komið næturgaman
 Bældur, bitur, barinn, spældur
 blautur sparka í
 Ég spyrni við því öllu saman

Aftur er, svekktur.....

Vissulega vafrað'ég.....

120. Önnur sjónarmið Hilmar Odds

Eitt sinn skaut hinn ofurlitli Amor
 ör með segul stál,
 sem feyktist burt og villtist út í buskann,
 en laust um sumarmál lenti hún í minni sál.

Ég var bara líf sem vildi lifa
 langan heitan dag
 Ég var bara víf sem vildi syngja
 vorsins dægurlag og hugsu ekki um sólarlag.

**Ástin heimtar löngum langa bið,
 leikur með þig til og frá,
 stelur kossi, staldrar við
 stutt og gengur síðan hjá.**

Senn er liðin þessi bið,
 lokast leiðin fram á við
 og hverfa önnur sjónarmið
 Mun ég samt sem áður elska þig

Ég var bara líf sem vildi lifa
 og söng til þín mitt ljóð.
 Lagið mitt var vorsins dægurfluga,

sem villtist fljótt af slóð
 og fuðraði' upp í kvöldsins glóð.

Ástin heimtar.....

Þá er liðin þessi bið,
 og lokuð leiðin fram á við
 og horfin önnur sjónarmið
 Ég mun samt sem áður elska þig
 hverfa önnur sjónarmið
 Mun ég samt sem áður elska þig

121. Sandalar

Það jafnast ekkert á við það
 að þruma sér í gott sólbað
 og liggja á bekk með bland og bús
 og bjórinn teyga úr líterskrús.

**Á Spáni er gott að djamma og djúsa
 diskótekunum á. Hei!
 Sólbrenndur með Quick Tan brúsa,
 í sandölum og ermalausum bol.**

Grísaveisla, sangría og sjór,
 senjórítur, sjóskíði og bjór.
 Nautaat og næturklúbbaferð,
 nektarsýningar af bestu gerð.

**Á Spáni er gott að djamma og djúsa
 diskótekunum á. Hei!
 Sólbrenndur með Quick Tan brúsa,
 í sandölum og ermalausum bol.**

122. **Ást (Sólin brennir..)** Magnús Sigmunds

Sólin brennir nóttina
og nóttin slökkvir dag;
þú ert athvarf mitt fyrir
og eftir sólarlag.
Þú ert yndi mitt áður
og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi
og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum
og sólskin um vetrarnótt,
þögn í seiðandi solli
og söngur ef allt er hljótt.
Söngur í þöglum skógum
og þögn í borganna dyn,
þú gafst mér jörðina og grasið
og Guð á himnum að]vin.

**Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
til aðstyrkja mig
égfann ei hvað lífið var fagurt
fyrir en ég elskaði þig
Ég fæddist til ljóssins og lífsins
er lærði ég að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað
fyrir en með sjálfri mér.**

Aldir og andartök hrynja
með undursamlegum nið;
það er ekkert í heiminum öllum
nema eilífðin, Guð - og við.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð....

123. **Góða ferð**

Erl. Lag, T: Jónas Friðrik Guðnason

Þér leiðist hér ég veit það kærri vinur
Þú vilt á brott að kanna nýjan stig
en þig skortir kjark þú hikar og hugsar dag
og nótt
og hræðist að þú munir særa mig

**Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er
gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð**

Við áttum saman yndislega stund
við áttum sól og blóm og hvítan sand
og skjól á köldum vetri er vindur napurt söng
og von um gullin ský og fagurt land

Góða ferð, góða ferð, góða ferð...

Þó farir þú í fjarlægð kærri vinur
og fætur þínir stígi ókunn skref
Þann draum er æðstan áttir, þú áður sagðir mér
þín ást var mín og brosin geymt ég hef

Góða ferð, góða ferð, góða ferð...

124. **Prumpfólkið**

Í Vesturbænum býr skritinn karl
og jafnvel furðulegri er konan hans.
Hann er með rosalega bumbu
úti á götu þau tvö stíga trylltan dans.

Þau skreyttu jólatré í júní
og karlinn sagðist vera kind.
Þau stóðu á höndum út á túni
og fóru bæði að leysa vind.

Og karlinn prumpar svona.....
og konan prumpar svona.....
og krakkarnir prumpa með.....
La la la la la la la la la la la la.

En fullorðna fólkið það varð brjálað
og skammaði börnin sín:
”Það er dónaskapur að prumpa
já, það er sko alls ekkert grín!”

Og löggja kom á hjóli
og spurði: "Hvað þykist þið geta?"
"Ég heiti Siggi stóri
og ég kann sko að freta!"

Og löggjan prumpar svona.....
Og karlinn prumpar svona.....
og konan prumpar svona.....
og krakkarnir prumpa með.....
La la la la la la la la la la la la

